


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn









# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
6. júní 2012
131. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Mikil viðurkenning

*Anna Þorvaldsdóttir tónskáld er handhafi Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs í ár.*

tímamót 14

## Mynd um Bítlabæinn

*Heimildarmynd um tónlistarsögu Suðurnesja er í bígerð.*

tónlist 26



## Helga á leið heim

*Helga Margrét Þorsteinsdóttir frjálsíþróttakona hefur sagt skilið við Svíþjóð.*

sport 22

## veðrið í dag




**RIGNING** norðaustan til og slydda þar til fjalla. Þurrt en að mestu leyti skýjað vestan- og sunnanlands. Hiti frá 2 að 13 stigum, hlýjast á Suðvesturlandi.

VEÐUR 4

# Nær 2.000 íbúðir í eigu ÍLS

**Um 800 einstaklingar og fjölskyldur leigja hjá Íbúðalánasjóði. Leigjendum hefur fjölgað hratt. Leigutekjur sjóðsins á árinu eru áætlaðar um 1.050 milljónir. Sjóðurinn verður bráðlega með um 400 eignir á sölu.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður á nú um 1.950 íbúðir sem hann hefur þurft að leysa til sín vegna vanskila fyrirtækja og einstaklinga. Um 800 einstaklingar og fjölskyldur sem misst hafa íbúðir sínar leigja hjá sjóðnum og hefur þeim fjölgað hratt á síðasta ári, að sögn Ágústs Kr. Björnssonar, sviðsstjóra eignasviðs sjóðsins.

„Þeir aðilar sem búa í íbúðunum þegar sjóðurinn yfirtekur þær öðlast rétt til áframhaldandi búsetu ef þeir óska þess. Þau fyrirtæki sem misst hafa íbúðir til Íbúðalánasjóðs eru fyrirtæki sem verið hafa í leiguíbúðarekstri.“

Af íbúðunum 1.950 eru 270 á byggingarstigi en 800 standa auðar. „Margar þeirra þarfnast umtalsverðs viðhalds og endurnýjunar og eru ekki íbúðar- eða leiguhæfar. Þá eru margar þeirra á svæðum þar sem offramboð er á eignum,“ segir Ágúst.

Hann getur þess að Íbúðalánasjóður vinni nú að því að skrá á sölu um 230 eignir. „Þá verða um 400 af þessum eignum skráðar til sölu á fasteignasölum eða tæplega 40 prósent.“

Rekstarkostnaður er misjafn eftir því hvort eignir eru á byggingarstigi eða fullbúnar, að sögn Ágústs.

„Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði um 500 milljónir króna á þessu ári. Samkvæmt rekstraráætlun er gert ráð fyrir að leigutekjur verði um 1.050 milljónir króna á þessu ári.“

> Svona smáskammtar eins og þeir eru að setja út hafa ekki nein áhrif.“
>
> **INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR**
> FORMAÐUR FÉLAGS FASTEIGNASALA

Í janúar í fyrra átti Íbúðalánasjóður um 1.070 eignir en í lok árs 2009 voru íbúðir í eigu sjóðsins 347.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir söguna sanna að nær allar íbúðir sem Íbúðalánasjóður setji á markað séu á landsbyggðinni og það breyti litlu sem engu fyrir markaðinn, jafnvel þótt 230 íbúðir séu settar á sölu. „Svona smáskammtar eins og þeir eru að setja út hafa ekki nein áhrif,“ segir hún.

Ljóst sé að stjórnvöld stefni að því að húsnæði í eigu Íbúðalánasjóðs á höfuðborgarsvæðinu verði leigt út. Hún segir að það hugnist henni illa. „Sjóðnum var ekki ætlað það hlutverk að verða leigumiðlun,“ segir Ingibjörg. **- ibs, sh**



**STOKKIÐ Á EFTIR FYRSTA LAXINUM** Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur (til vinstri), veiddi fyrsta lax sumarsins í Norðurá í gærmorgun. Eftir þó nokkra baráttu, þar sem Bjarni féll meðal annars í ána, náði hann að landa tíu punda silfurbjartri hrygnu. Veiðin í Norðurá og Blöndu fór vel af stað í gær og gefur byrjunin góð fyrirheit fyrir veiðisumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fullvaxnir í öllum hlutverkum:

## Dvergar ósáttir við nýja mynd um Mjallhvíti

**BANDARÍKIN** Framleiðendur kvikmyndarinnar Mjallhvítar og veiðimannsins sæta nú ámæli vestanhafs fyrir að hafa sniðgengið dverga þegar leikarar voru valdir í myndina og ráðið í staðinn fólk í fullri stærð í hlutverk dverganna sjö.

Ónafngreindur fulltrúi samtaka dvergvaxinna Bandaríkjamanna segir í samtali við vefmiðilinn TMZ að skemmtanageirinn þar ytra ætti að gera sér far um að ráða dverga í hvers kyns störf.

„Bæði ætti auðvitað að velja dvergvaxið fólk í hlutverk sem voru sérstaklega skrifuð með það í huga að dvergvaxið fólk færi með þau, og eins önnur hlutverk sem almennt henta lágvöxnu fólki,“ segir hann.

Dvergarnir í nýju Mjallhvítarmyndinni, sem nú er til sýninga í íslenskum kvikmyndahúsum, eru leiknir af fullvöxnu fólki og það ýmist stytt á alla kanta með aðstoð tölvutækni eða andlit þess færð á líkama raunverulegra dverga. **- sh**

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á ekki lengur hlut í félaginu Bakkavör Group:

# Seldu í Bakkavör vegna óánægju

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins (LSR) hefur selt allan eignarhlut sinn í Bakkavör Group. Ástæðan er óánægja með hlutafjáraukningu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið og tryggir Ágústi og Lýð Guðmundssonum, stofnendum Bakkavarar, möguleika á að eignast 25 prósenta hlut í félaginu að nýju. Samkvæmt ársskýrslu LSR nam eignarhlutur sjóðsins í Bakkavör Group um síðustu áramót 5,72 prósentum auk þess sem sjóðurinn átti 8,72 prósenta hlut í breytilegum bréfum.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, segir sjóðinn hafa fengið tilboð í gegnum ótengdan aðila í allan hlut hans í sjóðnum. „Ég get staðfest að við höfum selt allan okkar eignarhlut og eigum því ekkert lengur í Bakkavör.“

Haukur segir að LSR hafi ekki verið sáttur við þær hugmyndir sem kynntar voru á hluthafafundi Bakkavarar Group um hlutafjáraukningu félagsins. „Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að forsendur þess nauðasamnings sem kröfuhafar gerðu við félagið á sínum tíma hafa ekki gengið eftir. Reksturinn hefur einfaldlega verið erfiðari en miðað var við í forsendum samningsins. Það kallaði því á breytingar sem hafa verið kynntar, meðal annars um aukið hlutafé.“ **-mþl/sjá Markaðinn**






## SPURNING DAGSINS



*Eva María, er þetta ekki svolítið hinsegin ferðaþjónusta?*

„Jú, því við erum svo hýr á brá.“

Eva María Þórarinsdóttir og kærastan hennar Birna Hrönn Björnsdóttir eru eigendur Pink Iceland sem býður upp á brúðkaupsþjónustu fyrir samkynhneigða ferðamenn.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna vegna máls tveggja sjómanna sem kvörtuðu:

# Lokar máli gegn íslenskum stjórnvöldum

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ákveðið að loka máli gegn íslenskum stjórnvöldum, þar sem stjórnvöld hafi brugðist við tilmælum nefndarinnar með ásættanlegum hætti að hluta til. Áður hafði nefndin gert ríkinu að greiða tveimur íslenskum sjómönnum bætur og endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið hér á landi.

Þetta kemur fram í orðsendingu sem mannréttindafulltrúi SÞ sendi stjórnvöldum á mánudag og utanríkisráðuneytið greindi frá í gær.

Sjómennirnir Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson óskuðu eftir því við nefndina árið 2003 að hún kannaði hvort íslensk stjórnvöld hefðu gerst brotleg við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í 26. grein samningsins er kveðið á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og lög skuli banna hvers kyns mismunun. Þeir sögðust lagalega skyldir til að greiða fé til forréttindahóps samborgara sinna til að geta starfað sem sjómenn, því þeir fengju ekki úthlutað kvóta.

Íslensk stjórnvöld töldu sig ekki vera í stöðu til að greiða bætur né heldur breyta fiskveiðistjórnarkerfinu umsvifalaust, en sögðust myndu hafa tilmæli nefndarinnar til hliðsjónar við endurskoðun fiskveiðikerfisins. **- þeb**



**LANDAÐ** Stjórnvöld hafa brugðist við ábendingum mannréttindanefndar SÞ með viðeigandi hætti að hluta, segir nefndin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ABU YAYHA AL-LIBI** Næstæðsti yfirmaður al-Kaída sagður drepinn. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarísk árás í Pakistan:

## Einn leiðtogi al-Kaída féll í árás

**PAKISTAN, AP** Bandaríkjamenn fullyrtu í gær að Abu Yahya al-Libi, næstæðsti yfirmaður al-Kaída, hafi fallið í árás bandarísks flygildis á lítið þorp í ættbálkahéraðinu Norður-Waziristan í Pakistan.

Pakistönsk stjórnvöld hafa krafist þess að Bandaríkjamenn hætti að nota svonefnd flygildi, lítil ómönnuð flugtæki, til árása í landinu vegna þess hve slíkar árásir hafa oft kostað almenna borgara eða pakistanska hermenn lífið. **- gb**

Dómstóll í Ósló:

## Breivik líklega dæmdur 20. júlí

**NOREGUR Að öllum líkindum verður dæmt í máli norska hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik þann 20. júlí eða 24. ágúst næstkomandi. Aðrar dagsetningar á þessu tímabili koma þó einnig til greina.**

**Þetta kemur fram á heimasíðu dómstólsins í Ósló, þar sem réttarhöldin yfir honum fara nú fram. Þar stendur að ekki verði kveðinn upp dómur fyrir 20. júlí, en búist er við því að réttarhöldin standi til 22. júní.**

**Hingað til hefur verið talið líklegt að dómur yrði kveðinn upp 20. júlí, tveimur dögum áður en ár verður liðið frá árásum Breiviks.** **- þeb**

# Lið Hemma rassskellti fangana á nýjum velli

**Hemmi Gunn stýrði úrvalsliði fótboltamanna til sigurs gegn liði fanga í fyrsta leik á nýjum fótboltavelli við fangelsið á Litla-Hrauni. Nýi völlurinn var vígður við mikla athöfn á mánudag. Þetta var alveg stórkostlegur dagur, segir Hemmi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýr gervigrasvöllur var vígður í fangelsisgarðinum við Litla-Hraun á mánudag. Við tilefnið var leikinn fótboltaleikur milli FC Betri, fótboltaliðs fanga, og úrvalsliðs úr fótboltaheiminum.

„Ég held að leikurinn hafi farið 12-2 fyrir úrvalsliðið,“ segir Hermann Gunnarsson, útvarpsmaður, sem stýrði úrvalsliðinu. „Þarna var valinn maður í hverju rúmi, Tommy Nielsen, Bjarnólfur Lárusson, Sigurvin Ólafsson, Pétur Marteinsson og fleiri.“

„Þetta var alveg stórkostlegur dagur. Aðstaðan þarna er alveg meiriháttar og ekki veitir af eins og ástandið er þarna núna.“

Gunnar Svavarsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, stóð fyrir fjáröflun og því að völlurinn væri lagður. Evrópska knattspyrnusambandið styrkti Knattspyrnusamband Íslands um þrjár milljónir til kaupa á vellinum. Knattspyrnuvinafélag Litla-Hrauns safnaði sjö milljónum til viðbótar svo hægt væri að kaupa efni í völlinn. Fjölmörg fyrirtæki styrktu söfnunina.

„Þetta var mikil viðhöfn. Sóli Hólm og Eyjólfur Kristjánsson komu og skemmtu fyrir leikinn. Svo fengum við Halldór Einarsson í Henson viðurkenningu. Gunnar Svavarsson fékk líka viðurkenningu enda er hann maðurinn sem dreif í þessu,“ segir Hemmi Gunn. Eftir leikinn gæddu fótboltamennirnir sér á grillmat og ís.

Hemmi hefur lengi staðið fyrir skemmtunum á Litla-Hrauni og efnt til fótboltaleikja. „Ég og Halldór sátum í stjórn Verndar og sáum ekki ástæðu til annars en að láta gott af okkur leiða. Við byrjuðum því að fara með fótboltalið og skemmtikrafta austur að Litla-Hrauni árið 1984. Þá var bara spilað á grjóthörðum malarvelli og Ómar Ragnarsson og Halli og Laddi skemmtu í kjölfarið.“

Spurður hvort hann hafi ekki tekið þátt í ár og sparkað í knöttinn segist hann bara hafa sparkað boltanum til þeirra í þetta skiptið. „Ég setti bara upp leikskipulag, það fóru allir eftir því og ég var mjög ánægður með það. Ég á örugglega framtíð fyrir mér í þjálfun!“ **birgirh@frettabladid.is**



**STÓRSIGUR** Úrvalslið Hemma Gunn gekk vasklega til leiks og sigraði FC Betri, lið fanga á Litla-Hrauni, 12-2 á nýja fótboltavellinum í garði fangelsisins. MYND/WWW.DFS.IS

> Ég setti bara upp leikskipulag, það fóru allir eftir því og ég var mjög ánægður með það. Ég á örugglega framtíð fyrir mér í þjálfun!“
>
> **HERMANN GUNNARSSON** KNATTSPYRNUSTJÓRI

Borgarfulltrúi Besta flokksins:

## Þáði boð í ferð með WOW air

**REYKJAVÍK Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, þáði boð í jómfrúarferð flugfélagsins WOW air til Parísar fyrir helgi.**



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON**

**Lagt er bann við því í siðareglum borgarinnar að borgarfulltrúar þiggi gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, nema um sé að ræða óverulegar gjafir.**

**Einar segir í samtali við Vísi að hann telji sig ekki hafa brotið siðareglurnar enda hafi hann farið í ferðina sem æskuvinur Skúla Mogensen, eiganda WOW air, en ekki sem borgarfulltrúi. Auk þess hafi hann borgað 5.900 krónur fyrir farið.** **- sh**

50 milljónir gegn glæpum:

## Ráðherra hefur til 1. desember

**ALÞINGI** Innanríkisráðherra skal undirbúa aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi fyrir þann 1. desember næstkomandi. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi frá sér álit um þingsályktunartillögu þess efnis í gær.

Fjármálaráðherra skal tryggja 50 milljóna króna fjárveitingu til lögreglunnar í fjáraukalögum þessa árs til að lögreglan geti starfrækt rannsóknar- og aðgerðateymi gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Brýn þörf er talin vera á sérstökum aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem og að stemma stigu við vændi og mansali. **- sv**






Hagstofa Íslands gefur út mannfjöldaspá til ársins 2061:

# Íslendingar gætu náð 500.000

**HAGSTOFA** Íslendingar gætu orðið allt að 498 þúsund talsins árið 2061 ef mannfjöldaspá Hagstofu gengur eftir.

Útreikningar Hagstofu fyrir árabilið 2012 til 2061 gera ráð fyrir fjórum þáttum, núverandi fólksfjölda, áætlun um búferlaflutninga á tímabilinu, áætluðum dánarlíkum og áætluðu frjósemishlutfalli.

Mannfjöldaspáin gerir ráð fyrir vissum frávikum og setur fram lágspá, miðspá og háspá.

Samkvæmt lágspánni yrði mannfjöldinn 393 þúsund árið 2061, samkvæmt miðspá yrðu Íslendingar 436 þúsund, en 498 þúsund samkvæmt háspánni.

Aldurskipting landsmanna mun breytast mjög á tímabilinu. Hlutfallslega fjölgar í hópi 65 ára og eldri en yngra fólki fækkar. **- þj**



**MANNFJÖLDI** Samkvæmt spá Hagstofu gætu Íslendingar orðið allt að 498 þúsund talsins árið 2061. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Fjölgun um 0,4%

Í byrjun árs voru íbúar landsins 319.575 og hafði fjölgað um 0,4 prósent frá sama tíma árið áður. Árið 2011 fæddust 4.496 börn en 1.985 manns létust. Þá fluttust 6.982 utan en 5.578 fluttust til landsins. Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 118.814 íbúa, fámennasta var hins vegar Árneshreppur á Ströndum þar sem 52 bjuggu. *(Heimild: Hagstofa Íslands)*

★ GULLTILBOÐ 1

# BRUSSEL

Litríkt mannlíf, matur á heimsmælikvarða og menning í skemmtilegum sérflokki. Brussel er tilvalinn staður til að lyfta sér upp yfir langa sumarhelgi.

**3 nætur, 20.–23. júlí**

FULLT VERÐ 69.900 KR.

**44.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI



PUNKTAR GILDA x25

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Hotel Bedford ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

★ GULLTILBOÐ 2

# COSTA DEL SOL

Fullkomnaðu sumarið með sólríkri skemmtun og afslöppun á Costa del Sol og njóttu alls þess besta sem Spánn hefur upp á að bjóða í mat og drykk.

**7 nætur, 26. júní–3. júlí**

FULLT VERÐ 102.100 KR.

**62.100 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x40

SKÍNANDI SÓLARFERÐ!



**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar og gisting á Aquamarina.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Verð miðast við tvo í bókun.

Heimsferðir

# SJÓÐHEIT SUMARTILBOÐ FYRIR N1 KORTHAFA

★★

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**
Vörur keyptar á silfurtilboði fást afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land

★ SILFURTILBOÐ 1

## HEYRNARTÓL

Nett og þægileg, þráðlaus Vivanco heyrnartól í hleðsludokku. Senditíðni 863 MHz, draga 100 metra og hleðslan dugir allt að 8 klst. Aðeins 186 g að þyngd!

FULLT VERÐ 14.990 KR.

**9.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x5





PUNKTAR GILDA x50

★ SILFURTILBOÐ 2

## GASGRILL

**BROIL KING SIGNET 90**

- 12,0 kW Dual-Tube™ brennarar úr ryðfríu stáli
- 2,7 kW hliðarbrennari
- 5,25 kW baksnúningsbrennari úr ryðfríu stáli með áhaldasetti
- Deluxe Accu-Temp™ hitamælir
- 2.600 cm² aðaleldunarsvæði
- 1.500 cm² postulín-húðaður, inndraganlegur upphitunarrekki
- Stórar Perma-Mold™ niðurfellanlegar hliðarhillur
- Slitþolin grillgrind úr steypujárni sem hægt er að snúa við
- Framleitt í Kanada og hentar íslenskum aðstæðum

FULLT VERÐ 149.900 KR.

**99.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ SILFURTILBOÐ 3

## FERÐAGOLFPOKI

Frábær ferðagolfpoki á hjólum frá Penn. Hentar vel fyrir þá sem ætla að ferðast með golfsettið í sumar. 2 minni aukahólf – henta vel fyrir skó.

FULLT VERÐ 14.900 KR.

**9.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**




PUNKTAR GILDA x5



PUNKTAR GILDA x5

★ SILFURTILBOÐ 4

## FRAMLENGINGARSPEGLAR

Auktu öryggið í umferðinni með vönduðum speglum. Hentar vel fyrir þá sem draga stærri vagna. 2 stk. í setti.

FULLT VERÐ 13.900 KR.

**8.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

**GOLFBOLTAR Í NETI**

FULLT VERÐ 2.490 KR.

**490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2



★ N1TILBOÐ

**FÓTBOLTABÓK**
**MESSI EÐA RONALDO**

FULLT VERÐ 3.490 KR. STK.

**1.490 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**CD OG DVD**
**BUBBI – ÞORPIÐ**

FULLT VERÐ 3.490 KR.

**1.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**





PUNKTAR GILDA x2






PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**FLIP BOX CLASSIC**

FULLT VERÐ 3.490 KR.

**1.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**LEXAR SD MINNISKORT 4GB**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2

**CD**
**HREKKJUSVÍN – LÖG UNGA FÓLKSINS**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



★ N1TILBOÐ

**DVD**
**PUSS IN BOOTS EÐA MISSION IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL**

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

**990 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞER TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í júní eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

## GENGIÐ 05.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,49 | 130,11 |
| Sterlingspund | 198,79 | 199,75 |
| Evra | 160,96 | 161,86 |
| Dönsk króna | 21,657 | 21,783 |
| Norsk króna | 21,204 | 21,328 |
| Sænsk króna | 17,948 | 18,054 |
| Japanskt jen | 1,6538 | 1,6634 |
| SDR | 195,55 | 196,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,0451

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Matvælaframleiðendur missa spón úr aski ef allir borða ráðlagt magn af mat:

# Þúsundir milljarða til að létta Breta

**HEILBRIGÐISMÁL** Bretar eru að meðaltali 8,4 kílóum þyngri en þeir voru árið 1980. Þetta kom meðal annars fram í máli Tim Lobstein á ráðstefnu norrænna næringarfræðinga á mánudag.

Í erindi sínu fjallaði hann um gríðarlegt tekjutap matvælaiðnaðarins í Bretlandi ef allir borðuðu ráðlagða fæðu í ráðlögðum skömmtum. Hann hefur reiknað út að ætli Bretar að ná meðallíkamsþyngd sinni fyrir 32 árum myndi það kosta matvælaiðnaðinn 8,6 milljarða punda á ári, sem janfgildir um 1.700 milljörðum íslenskra króna.

**8,4 kg** Bretar eru að meðaltali 8,4 kílóum þyngri en þeir voru árið 1980.

Á sunnudag flutti Matti Uusitupa erindi þar sem hann greindi frá rannsóknum á mismunandi mataræði.

„Nýlegar rannsóknir benda til þess að norrænt mataræði tengist lægri dánartíðni og minnki hættu á hjarta og æðasjúkdómum,“ segir í inngangi að fyrirlestri hans. - bþh



**ÞYNGJAST** Meðalþyngd Breta er rúmum 8 kílóum meiri í dag en hún var árið 1980. NORDICPHOTOS/AFP

Samstarfsfólk ekki vanhæft:

# RÚV má fjalla um forsetakjör

**KOSNINGAR** Ríkisútvarpið er ekki vanhæft til að fjalla um forsetakosningarnar 2012 þótt frambjóðandinn Þóra Arnórsdóttir og Svavar Halldórsson, maður hennar, hafi starfað hjá stofnuninni og séu nú í launalausu leyfi þaðan.

Þetta er niðurstaða álitsgerðar sem Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, og Trausti Fannar Valsson, lektor í stjórnsýslurétti, hafa unnið fyrir Ríkisútvarpið. Nánir vinir frambjóðenda geti talist hlutdrægir en ekki endilega samstarfsmenn. - sh

Ungmenni fá sumarstörf:

# Helmingur fær vinnu hjá borg

**ATVINNA** Rúmlega helmingur þeirra ungmenna sem sóttu um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg fær vinnu í sumar. Öll ungmenni sem sóttu um hjá Kópavogsbæ, Garðabæ og Seltjarnarnesbæ fá vinnu, en ekki hefur verið ákveðið hvernig málunum verður háttað í Hafnarfirði.

Reykjavíkurborg ætlar að ráða um 1.400 starfsmenn í sumar- og afleysingastörf, en rúmlega 4.000 umsóknir hafa borist. Þá fá allir fimmtán og sextán ára unglingar starf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur en um 1.450 hafa sótt um það. Því fá samtals 2.850 ungmenni vinnu hjá borginni. - þeb

Krafa íbúa Álandseyja:

# Eyjarnar sameinist Svíþjóð

**ÁLANDSEYJAR** **Danne Sundman, stjórnmálamaður á Álandseyjum, segir að þegar finnsk yfirvöld geti ekki lengur haft samskipti við Álandseyjar á sænsku sé kominn tími til að sameinast Svíþjóð.**

**Hann segir að tvítyngdir Finnar séu að komast á ellilífeyrisaldur og nú kunni í raun fáir finnskir embættismenn sænsku. Samskiptin við finnska stjórnmálamenn í Helsinki fari nú fram á ensku.**

**Árið 1921 ákvað Þjóðabandalagið að Finnar fengju að halda Álandseyjum svo framarlega sem tryggt yrði að þar yrði áfram töluð sænska.** - ibs

## LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í Fréttablaði gærdagsins að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefði orðið fyrir vonbrigðum með málshraða hjá embætti Umboðsmanns Alþingis. Þar var átt við embætti Umboðsmanns skuldara.

# Fangelsið á beinu brautina

**Arkís arkitektar urðu hlutskarpastir í samkeppni um hönnun á nýju fangelsi á Hólmsheiði. Taka á nýtt fangelsi í notkun árið 2015. Hætt verður að nota Kópavogsfangelsi og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.**

**STJÓRNSÝSLA** Þrjár tillögur af átján hlutu verðlaun í hönnunarsamkeppni innanríkisráðuneytisins um nýtt fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík. Fyrstu verðlaun, fimm milljónir króna, hlaut tillaga Arkís arkitekta.

Að sögn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, sérfræðings í innanríkisráðuneytinu og formanns dómnefndar, taka nú við samningar um endanlega hönnun fangelsisins. „Vonandi verður hægt að ljúka því og hefja framkvæmdir í upphafi næsta árs,“ segir hún, en stefnt er að því að taka fangelsið í notkun fyrir mitt ár 2015.

Í öðru sæti í samkeppninni var tillaga frá Arkitektur.is, sem fékk fjórar milljónir í verðlaun, og í því þriðja var tillaga Teiknistofunnar Traðar, sem fékk eina milljón króna í verðlaun.

Steinunn segir verkefnið ekki hafa verið einfalt því fangelsið eigi bæði að vera kvennafangelsi og gæsluvarðhalds- og öryggisfangelsi með 56 fangarýmum. Flókið geti verið að tryggja nauðsynlegan aðskilnað fanga og fangadeilda og sveigjanleika í rekstri. „Þessi hræðilegi atburður sem nýverið varð á Litla Hrauni sýnir hins vegar vel þörfina á því að reisa fangelsi af þessu tagi þar sem hægt er að skilja að hættulega fanga,“ segir hún og vísar til þess að andlát fanga á Litla-Hrauni er talið til komið vegna áverka sem samfangar hans veittu honum. Tveir eru í gæsluvarðhaldi vegna þess máls.

Í niðurstöðu dómnefndar um vinningstillöguna er hún sögð svara einstaklega vel áherslum í samkeppnislýsingu. „Einkum eru gæsluvarðhaldsþættinum gerð frábær skil, sem og aðalvarðstofu og miðlægum rýmum,“ segir þar. Aðalvarðstofan er miðlægur sívalningur umlukinn dagsbirtu sem fellur niður um ofanljós, segir þar jafnframt, og inngarðar sagðir mynda hjarta hverrar fangadeildar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði við kynningu á niðurstöðum dómnefndar í gær að um merk tímamót væri að ræða, enda hefði í rúma hálfa öld verið stefnt að því að reisa nýtt fangelsi í Reykjavík. „Síðan hefur þetta gengið afar skrykkjótt þar til nú að við erum klárlega komin á beinu brautina og sjáum fyrir að fangelsið verði risið og komið í notkun áður en árið 2015 verður runnið á enda,“ sagði hann.

olikr@frettabladid.is



**VINNINGSTILLAGAN** Tillögur sem sendar voru inn í samkeppni um Hólmsheiðarfangelsi héngu uppi í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á HÓLMSHEIÐI** Svona er umhorfs þar sem nýtt fangelsi á að rísa, skammt austan Rauðavatns í nágrenni borgarinnar. Til að komast að fangelsinu er ekið út af Suðurlandsvegi eins og halda eigi á Nesjavelli og er þá afleggjarinn að lóðinni skammt undan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**SVALT N-LANDS**
í dag og líklega slydda þar til fjalla. Á morgun hlýnar nokkuð en gæti kólnað heldur aftur norðaustanlands á föstudag. Það verður væta með ströndum austan og sunnan til frá og með morgundeginum en líklega að mestu leyti þurrt norðantil.




**Á MORGUN**
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
Hvasst með S-ströndinni annars töluvert hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 21° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# FIMMFALDIR MEISTARAR
## Í SPARAKSTRI







Yaris 1,3 bensín sjálfsk.: 3,29 l/100km*

Auris HSD: 4,61 l/100km*

Land Cruiser 150 dísil sjálfsk.: 6,93 l/100km*

Land Cruiser 200 dísil sjálfsk.: 8,80 l/100km*

Árleg sparaksturskeppni Atlantsolíu og FÍB fór fram 22. maí. Keppt var í tíu flokkum eftir vélarstærð. Toyota tók þátt í fimm flokkum og var með eyðslugrennsta bílinn í þeim öllum. Auk þess var Yaris dísil krýndur eyðslugrennsti bíll á Íslandi, annað árið í röð.
www.toyota.is

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

***Eyðslutölur, sem birtast hér að ofan, sýna árangur Toyotabílanna í þessari keppni.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 59899 06/12

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt hjá LÍÚ að stöðva veiðar í viku í mótmælaskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að heimsækja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í sumar?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is. vísir

Sýrlandsstjórn segir erindreka margra vestrænna ríkja ekki lengur velkomna:

# Hjálparstarfsfólki hleypt inn

**SÝRLAND, AP** Stjórn Bashar al-Assads Sýrlandsforseta hefur fallist á að hleypa hjálparstarfsfólki inn á þau fjögur svæði sem harðast hafa orðið úti í átökunum í landinu.

John Ging, framkvæmdastjóri samhæfingarskrifstofu mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, sagðist vonast til þess að aðstoð berist fólki á þessum svæðum innan fárra daga, frekar en vikna.

Á hinn bóginn sagði Sýrlandsstjórn í gær marga vestræna stjórnarerindreka ekki lengur velkomna til landsins. Þetta eru ríki á borð við Bandaríkin, Bretland og fleiri lönd, sem höfðu hvort eð er kallað erindreka sína heim í mótmælaskyni vegna átakanna.

Átökin í Sýrlandi hafa kostað á annan tug þúsunda lífið síðan þau hófust snemma á síðasta ári.

Ging sagði að margir þeirra, sem þurfa á aðstoð að halda í héruðunum fjórum, hefðu særst í átökum. Aðrir hafa misst vinnuna eða misst heimili sitt. Að auki er verið að aðstoða nærri 80 þúsund sýrlenska flóttamenn í Tyrklandi, Írak, Jórdaníu og Líbanon. **- gb**



**EYÐILEGGING** Ónýtir skriðdrekar stjórnarhersins á götu í bænum Ariha. NORDICPHOTOS/AFP

Á leið til vina í Danmörku:

# 11 ára strákur ók 150 km leið

**NOREGUR Ökuferð 11 ára norska stráks lauk í skurði í gær. Vörubílstjóri, sem sá unga ökumanninn í framúrakstri, lét lögregluna vita þar sem hann taldi hann vera 13 eða 14 ára. Í ljós kom að stráksi var ekki nema 11 ára.**

**Hann hafði sest undir stýri í bíl stjúpföður síns og ekið um 150 km þegar óhappið varð. Ökumaðurinn kvaðst vera á leið til Danmerkur til þess að hitta vini sína.**

**Lögreglan sagði það mikla heppni að ekki hefði orðið alvarlegt slys á leiðinni. - ibs**

Segja illa vegið að Ástþóri:

# Kæra ógildingu framboðsins

**KOSNINGAR** Fimm einstaklingar hafa kært ógildingu forsetaframboðs Ástþórs Magnússonar til stjórnsýslunnar, Hæstaréttar og Umboðsmanns Alþingis.



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON**

Í kærunni segir að engar sannanir liggi fyrir um það að fjöldi undirskrifta á meðmælendalistum Ástþórs sé falsaður. Þar er spurt hvort verið sé að leggja Ástþór í einelti og talið að yfirkjörstjórnir og innanríkisráðuneytið hafi brotið á framboði hans með því að vinna ekki úr meðmælendalistum á tilskildum tíma. Hópurinn krefst þess að ógilding framboðsins verði dregin til baka. **- sv**

**BJÖRGUN**

### Fannst ómeiddur á jöklinum

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gærdag ástralskan ferðamann sem hafði villst á Skeiðarárjökli. Maðurinn sendi út neyðarkall, en hann er vanur fjallamaður. Þyrlan fann hann og flutti til Reykjavíkur, en hann var ómeiddur.

**REYKJAVÍK**

### Höfði öllum opinn

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að opna Höfða fyrir gestum og gangandi. Húsið verður opið í allt sumar milli klukkan 11 og 16 virka daga. Hingað til hefur það aðeins verið opið á menningarnótt, en nú munu allir áhugasamir eiga þess kost að skoða húsið frítt en tekið er við frjálsum framlögum á staðnum.

**VERSLUN**

### Tiger innkallar kubba

Verslunin Tiger hefur innkallað trékubba í fötu með vörunúmerinu 171073. Poki er utan um kubbana í fötunni, en band í pokanum er talið varasamt ungum börnum.

# Skip LÍÚ bundin við bryggju út vikuna

**Útvegsmenn munu halda skipum við bryggju út vikuna. Boðað er til allsherjarsamstöðufundar útvegsmanna og starfsfólks í sjávarútvegi á morgun. Forstjóri Brims og sjávarútvegsráðherra skiptust á skoðunum á fundi í Reykjavík í gær.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskiskip aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) verða bundin við bryggju út vikuna eins og boðað hafði verið í mótmælaskyni við frumvörp stjórnvalda um veiðigjöld og stjórn fiskveiða. Stefnt er að því að halda stóran fund útvegsmanna og starfsfólks í sjávarútvegi á morgun.

Hlynur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi LÍÚ, segir í samtali við Fréttablaðið að um samstöðufund verði að ræða.

„Þarna verður kallað eftir nánara samráði frá stjórnvöldum og lögð áhersla á að vandað verði til verka,“ segir Hlynur.

Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra, mætti í gær til fundar sem Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útvegsfyrirtækisins Brims, hafði boðað til með starfsfólki sínu þar sem rætt var um frumvörpin og áhrif þeirra á rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

Guðmundur kynnti fyrst þau sjónarmið útvegsmanna að þau veiðigjöld sem gert væri ráð fyrir í frumvarpi stjórnarinnar myndu hafa skaðleg áhrif á rekstrargrundvöll útvegsfyrirtækja.

Meðal annars myndi gjaldið draga kraft úr greininni, með tilliti til nýfjárfestinga, auk þess sem kerfið myndi grafa undan hagkvæmni þess að sækja ákveðnar tegundir. Þá taldi hann sýnt að veiðileyfagjaldið myndi koma til með að skerða kjör sjómanna.

Guðmundur ítrekaði einnig það sjónarmið útvegsmanna að ekki hafi verið tekið tillit til annarra sjónarmiða. Hann sagði frumvörpin samin „af þröngum hópi fólks“ og að þau hefðu ekki fengið góða einkunn hjá umsagnaraðilum. „Samt á að þröngva þeim í gegnum þingið og við óttumst skaðann sem þau geta gert samfélaginu.“



**SKOÐANASKIPTI** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra, mætti á fund hjá Brimi í gær og skiptist á skoðunum við Guðmund Kristjánsson forstjóra. Skip LÍÚ verða við bryggju út vikuna en boðað hefur verið til fundar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Óvissa meðal sjómanna**

Sjómenn sem sóttu fundinn í gær og Fréttablaðið ræddi við voru almennt á þeirri skoðun að enn væri óvissa um hvort eða hversu mikil áhrif frumvörpin myndu hafa á kjör þeirra, yrðu þau samþykkt. Útgerðarmenn sögðu eitt og stjórnvöld annað og óljóst hvort væri nær sanni.

Þá gagnrýndi Guðmundur einnig að í frumvarpinu um stjórn fiskveiða sé gert ráð fyrir því að um 30.000 þorskígildistonn fari í leigupotta, ráðherra til ráðstöfunar.

Í máli sínu sagði Steingrímur að sannarlega hefði verið tekið tillit til mismunandi sjónarmiða við gerð frumvarpanna. Það sæist gjörla á þeim breytingum sem hefðu orðið á fyrri frumvörpum og þeim breytingum sem veiðileyfafrumvarpið hefði tekið í meðförum þingsins.

Hann sagði flest útvegsfyrirtæki vel geta ráðið við greiðslu veiðileyfagjalds og lagði einnig áherslu á að framlegð sjávarútvegsins í heild yrði jákvæðari nú, kæmu frumvörpin til framkvæmda, en hún hefði verið á árabilinu 2001 til 2008. Frá árinu 2008 hefði eigið fé útgerðarfyrirtækja farið úr því að vera neikvætt um 60 milljarða króna upp í að vera jákvætt um 160 milljarða.

Steingrímur sagði spár benda til þess að framlegð útvegsfyrirtækja þetta ár yrði 78 milljarðar. Eftir að 15 milljarðar yrðu teknir í veiðigjöld væru enn eftir 63 milljarðar í fjármunamyndun í greininni. „Ef sjávarútvegurinn ræður ekki við það, hvernig lifði hann þá af árin 2002 til 2008?“ **thorgils@frettabladid.is**




Nýsköpunarmiðstöð Íslands segir brýnt að finna nýjar leiðir í eldsneytismálum:

# Tvöfalda má framleiðslu úr lífmassa

**IÐNAÐUR** Eitt aðalumfjöllunarefni norræna samstarfsverkefnisins „CO2 Electrofuels“ er hvernig nýta má raforku á sem hagkvæmastan hátt til að tvöfalda magn eldsneytis sem framleiða má úr lífmassa. Þá snýr verkefnið að því að draga úr raforkunotkun þegar eldsneyti er framleitt úr kolsýru.

Fram kemur í tilkynningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að vegna aukinna gróðurhúsaáhrifa sé ljóst að taka þurfi í notkun aðrar tegundir eldsneytis en það sem framleitt sé úr olíu.

Bent er á að notkun landbúnaðarafurða til eldsneytisframleiðslu hafi mætt vaxandi andstöðu vegna þess hve mikið ræktunarland er þá tekið undir annað en matvælaframleiðslu. „Einnig er horft til ýmissa úrgangsefna úr landbúnaði, en nú þegar er mikið af metani framleitt í Evrópu úr mykju og öðrum úrgangi.“

Þá kemur fram að þótt rafbílar kunni að vera vænlegur kostur í stað bensín- og olíudrifinna fólksbíla þá verði rafmagn tæpast notað til þungaflutninga, á flugvélar, millilandaskip eða fiskiskip. „Fyrir þessa notkun þarf orkuríkt eldsneyti, helst svipað því sem nú er notað.“

„CO2 Electrofuels“ samstarfsverkefnið verður kynnt í málstofu milli klukkan eitt og fimm í Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, Öskju, þriðjudaginn 12. júní næstkomandi. **- óká**



**ÚRGANGUR** Horft er til úrgangsefna úr landbúnaði við framleiðslu á eldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EINSTÖK TILBOÐ!**




**VW Tiguan**
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 44.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.190.000,-**

# NÚ GETUR ÞÚ GERT GÓÐ KAUP HJÁ OKKUR

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Honda CR-V**
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 20.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**5.350.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**3.490.000,-**



**VW Touareg** V10 TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 120.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**5.190.000,-**



**MM Pajero** 3.5 GLS 33”
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 99.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.740.000
Tilboðsverð
**2.290.000,-**



**VW Jetta** Trendl. 1,6
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 70.000 km, beinsk.
Ásett: 1.590.000
Tilboðsverð
**1.290.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120 GX
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 74.200 km, sjálfsk.
Ásett: 6.790.000
Tilboðsverð
**5.990.000,-**



**Lexus** RX400H
Árgerð 2007, bensín/rafmagn
Ekinn 139.000 km, sjálfsk.
Ásett: 5.690.000
Tilboðsverð
**4.790.000,-**



**Subaru Impreza**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 51.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.490.000
Tilboðsverð
**2.090.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 46.000 km, beinsk.
Ásett: 2.690.000
Tilboðsverð
**2.290.000,-**



**VW Touareg** R5 TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 143.000 km, sjálfsk.
Ásett: 3.790.000
Tilboðsverð
**3.000.000,-**

**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett: 3.690.000
Tilboðsverð
**2.990.000,-**



HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvernig selir eru í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum?
2. Hvað telur FÍB mikið svigrúm til frekari lækkunar bensínverðs hér miðað við þróun heimsmarkaðsverðs á olíu?
3. Hvernig dóm fengu fjórmenningarnir sem ætluðu að ráðast á Jótlandspóstinn í árslok 2010?

SVÖRIN

1. Landselir. 2. Þrjár til fjórar krónur á lítrann. 3. Tólf ár í fangelsi.

Fyrirtæki Samherja í Englandi og Þýskalandi fá umhverfisvottun MSC:

# Veiðar dótturfyrirtækja vottaðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Dótturfyrirtæki Samherja í Englandi (UK Fisheries Ltd) og í Þýskalandi (DFFU) hafa fengið vottun samkvæmt MSC-staðlinum um sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar á þorski, ýsu og ufsa, að því er segir í fréttatilkynningu frá MSC.

Samherji á Íslandi er jafnframt í vottunarferli vegna veiða á þorski, ýsu og norsk-íslensku síldinni.

MSC (Marine Stewardship Council) er alþjóðleg sjálfseignarstofnun sem er rekin án gróðasjónarmiða. MSC hefur þróað staðla fyrir sjálfbærar fiskveiðar og rekjanleika. Mat samkvæmt stöðlum MSC er framkvæmt af óháðri faggiltri vottunarstofu, að því er Gísli Gíslason, ráðgjafi sjálfseignarstofnunarinnar á Íslandi, greinir frá.

„Nú eru um tíu prósent af heimsveiðunum vottuð eða í vottunarferli samkvæmt staðli MSC. Rúmlega 14 þúsund vörur úr sjávarafurðum eru merktar með MSC-umhverfismerkinu og eru þær seldar í um 80 löndum,“ segir Gísli.

-ibs



**ÞORSKUR** Rúmlega 14 þúsund vörur úr sjávarafurðum eru merktar með MSC-umhverfismerkinu.

Heilsunni hrakar í fangelsi:

# Hosni Mubarak fékk taugaáfall

**EGYPTALAND** Heilsu Hosni Mubarak, fyrrverandi forseta Egyptalands, hefur hrakað mjög mikið. Utanríkisráðuneyti Egyptalands segir hann hafa fengið taugaáfall í fangelsi í gær.

Mubarak var dæmdur í lífstíðarfangelsi á sunnudag vegna dauða mótmælenda í uppreisn gegn honum. Stjórnendur fangelsisins segja að hann hafi átt erfitt með andardrátt og hafi fallið í yfirlið eftir heimsókn eiginkonu hans. Einkalæknar hans fengu ekki að koma í fangelsið.

- þeb

isavia

**Opinn kynningarfundur um um endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar**

Opinn kynningarfundur um endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2012 - 2030, verður haldinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 3. hæð (Marklandi), fimmtudaginn 7. júní kl. 16:30 - 17:45.
Þar verður almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefin kostur á því að kynna sér leiðarljós og áherslur vinnuhóps aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Á fundinum verður farið yfir helstu viðfangsefni sem eru mikilvæg fyrir hagsmuni og þróun Keflavíkurflugvallar. Að undanförnu hefur vinnuhópur aðalskipulags unnið að þarfagreiningu Keflavíkurflugvallar og hefur þar litið til flugbrauta, flugstöðva, flugþjónustu, öryggis flugumferðar, samgangna og veitna, og öryggissvæðisins. Á fundinum verða kynntar helstu niðurstöður greiningar og umfjöllunar um valkosti og þær tillögur og áherslur sem áframhaldandi skipulagsvinna mun fylgja.
Tilgangur fundarins er að kynna þessar niðurstöður og er lögð áhersla á að fá fram sjónarmið og umræðu við framlögð gögn áður en haldið verður lengra í skipulagsvinnunni.

**Hægt verður að nálgast „Leiðarljós og áherslur skipulagsvinnu“, þann 6. júní á skrifstofu skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á heimasíðu Keflavíkurflugvallar:**
http://www.kefairport.is/Flytileidir/Um-felagid/Skipulagsmal

Hægt verður að senda inn ábendingar um Leiðarljós og áherslur skipulagsvinnu til og með 5. júlí nk.
Senda skal þær til skipulagsfulltrúa, Sigurðar H. Ólafssonar, á póstfangið shol@isavia.is eða á skrifstofuna, merktar Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar.

**Keflavíkurflugvelli, 29. maí 2012.**
*F.h. Skipulagsyfirvalda á Keflavíkurflugvelli*
*Sigurður H. Ólafsson, skipulagsfulltrúi.*

KEF
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR



**ELÍSABET OG KAMILLA Í ÆVINTÝRAVAGNINUM** Að venju var ökuferð Bretadrottningar og fjölskyldu hennar í glæsilegum hestvagni einn af hápunktum krýningarafmælisins. Andspænis Elísabetu og Kamillu prinsessu situr Karl Bretaprins. NORDICPHOTOS/AFP

Fjögurra daga hátíðarhöld náðu hámarki í gær:

# Elísabet drottning segist djúpt snortin

**BRETLAND, AP** „Það hefur snert mig djúpt að sjá svo margar þúsundir fjölskyldna, nágranna og vina fagna saman í svo ánægjulegu andrúmslofti,“ sagði Elísabet Bretadrottning í stuttu ávarpi til bresku þjóðarinnar í gær, á lokadegi fjögurra daga hátíðarhalda í tilefni af sextíu ára krýningarafmæli hennar.

Gríðarlegur mannfjöldi var saman kominn í London í gær til að fagna með drottningunni, sem kom meðal annars út á svalir Buckingham-hallar að veifa til fólksins.

Um morguninn tók drottningin þátt í hátíðarmessu í Pálskirkjunni, þar sem Rowan Williams, erkibiskup af Kantaraborg, bar lof á drottninguna í predikun sinni.

Filippus, eiginmaður Elísabetar drottningar, var fjarri góðu gamni í gær því hann lá á sjúkrahúsi vegna sýkingar í þvagblöðru.

- gb

www.volkswagen.is




Caddy* kostar aðeins frá
2.990.000 kr.
(kr. 2.382.470 án vsk)

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

**Góður vinnufélagi**

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Þráir þú dýpri svefn?

## Heilsurúm í sérflokki

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í júní!




**Tempur® Cloud**

heilsurúm 180 x 200 cm

**TILBOÐ Kr. 375.840,-**

**Verð áður 469.800,-**

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

## Stillanlegt og þægilegt!

20% afsláttur

Charlotte Julien



19.900 með 20% afsl.



TEMPUR Comfort heilsukoddinn er einstaklega mjúkur og þægilegur, með nýju extra mjúku TEMPUR efni.



**Felix** svefnsófi

**TILBOÐ Kr. 368.900,-**

**Verð áður 461.125,-**



**Breidd:** 209 cm **Dýpt:** 95 cm
**Pokagormadýna:** 140x200 cm


www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

**betrabak@betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá kl. 11-16**






**MEÐ EINA DAUÐA** Ratul Rajkhowa, prófessor við líffræðideild Cotton College, heldur hér á dauðri könguló af tegund sem valdið hefur usla í afskekktu héraði í norðausturhluta Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

Árásargjarnar áttfætlur stökkva á fátæka Indverja:

# Tveir látnir eftir árás óþekktra köngulóa

**INDLAND, AP** Ný tegund stórra árásargjarnra köngulóa hefur valdið ofsahræðslu í þorpi í Assam, afskekktu héraði í Norðaustur-Indlandi. Íbúarnir kölluðu á hjálp eftir að fjöldi köngulóa „réðist inn“ í þorpið.

Tveir hafa látist eftir að hafa orðið fyrir köngulóarbiti, en fulltrúar heilbrigðisyfirvalda segja ekki loku fyrir það skotið að frumstæð viðbrögð við biti köngulónna kunni að hafa valdið fórnarlömbum þeirra meiri skaða en bitið sjálft. Í tilfellum þeirra sem létust höfðu „töfralæknar“ reynt að létta á þrýstingi í bólgum og ná út eitri með því að skera í bitstaði með rakvélarblöðum. Líkin voru svo brennd áður en til krufningar kom og því ekki vitað hvort meðferðin eða eitur köngulónna varð fólkinu að aldurtila.

Sjö önnur fórnarlömb köngulóaárása hafa fengið sýklalyf, er haft eftir Anil Phapowali lækni í bænum Sadiya, en þau höfðu líka reynt að skera í bólgur til að veita úr þeim og létta á þrýstingi.

Köngulærnar eru sagðar árásargjarnar og stökkva á fólk verði þær varar við hreyfingu. Þeirra varð fyrst vart fyrir um mánuði síðan, en L.R. Saikia, vistfræðingur við Assam Dibrugrh Háskóla segir að hér gæti verið um að ræða áður óþekkt afbrigði tarantúlu. Köngulærnar eru um þumalstórar.

Meðan beðið er niðurstöðu greiningar á köngulónum og hvort þær eru í raun eitraðar eru þorpsbúar sagði varir um sig og reyna að gæta þess að köngulær laumist ekki inn í kofa þeirra að næturlagi.

Um hundrað þúsund manns, aðallega fátækir hrísgrjónabændur, búa á svæðinu þar sem köngulónna hefur helst orðið vart. **- óká**




OLÍA Á DREKASVÆÐINU

Arion banki býður til morgunverðarfundar í Borgartúni 19, fimmtudaginn 7. júní kl. 8.30.

Dagskrá:

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ávarpar fundinn

Is there any oil to be found in the Dreki Area?
**Þórarinn Sveinn Arnarsson,** verkefnastjóri olíuleitar, Orkustofnun

Economic impact if there is oil to be found in the Dreki Area
**Thina Margrethe Saltvedt,** aðalgreinandi olíuiðnaðar hjá Nordea Markets

How best to handle the oil wealth – Norway ' s experience
**Per Mathis Kongsrud,** aðstoðardeildarstjóri í norska fjármálaráðuneytinu

Fundarstjóri er Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka.

Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.
Áætluð fundarlok eru kl. 10.30.
Fundurinn fer fram á ensku.

Skráning á arionbanki.is/oliuradstefna

Arion banki

Velja sér nágranna:

# Fjölbýlishús fyrir reyklausa

**DANMÖRK** Nýbyggt 56 íbúða hús í Óðinsvéum í Danmörku er aðeins fyrir reyklausa. Danir eru í æ ríkari mæli farnir að velja sér nágranna sem aðhyllast sama lífsstíl og þeir sjálfir, samkvæmt frétt í Kristilega dagblaðinu.

Í nýju hverfi í Hróarskeldu, hafa 600 af 3.000 íbúum kosið að vera með sameiginlegar máltíðir.

Það hefur hins vegar almennt verið markmið stjórnmálamanna og skipulagsyfirvalda að þróa hverfi fyrir fólk á öllum aldri og úr öllum stéttum. -ibs

Seinkanir á flugferðum til og frá Keflavíkurflugvelli í maí reiknaðar út:

# Iceland Express stundvísast

**SAMGÖNGUR** Seinkun varð á aðeins einni af rúmlega 140 ferðum Iceland Express til og frá landinu í maí, að því er segir í frétt á vefnum Turisti.is.

Ferðir Icelandair frá landinu eru á réttum tíma í níu tilvikum af hverjum tíu en komutímar félagsins seinni hluta maímánaðar stóðust hins vegar aðeins í rúmlega 70 prósentum tilvika.

Túristi reiknar daglega út hversu mikill munur er á áætluðum komu- og brottfarartímum og þeim tímasetningum sem gefnar eru upp fyrir lendingar og flugtak á heimasíðu Keflavíkurflugvallar. Á vef Túrista segir að þar sem seinkun um fimmtán mínútur teljist vera innan skekkjumarka í fluggeiranum sé sá tími dreginn frá öllum seinkunum.

Bent er á að þar sem WOW air hafi aðeins farið eina ferð á tímabilinu 15. maí til 31. maí sé fyrirtækið ekki hluti af stundvísitölum Túrista að þessu sinni. Það verði hins vegar með næst. Tekið er fram á vefsíðu Túrista að þeim þremur ferðum sem félagið hafi farið frá Keflavík til þessa hafi öllum seinkað. -ibs



**VIÐ LEIFSSTÖÐ** Seinkun varð í aðeins einni af rúmlega 140 ferðum Iceland Express í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**DROTTNINGUNNI FAGNAÐ** Mikil hátíðahöld hafa verið í Bretlandi vegna 60 ára valdaafmælis Elísabetar drottningar. Þetta fólk beið spennt eftir hátíðartónleikum við Buckingham-höll á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STEINÞÓR SKÚLASON** Svifflugan sem Steinþór flaug í Noregi er af gerðinni Glasflugel Mosquito. MYND/SFÍ

Íslendingur keppti í Noregi:

# Náði 2. sæti í svifflugskeppni

**TÓMSTUNDIR** **Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands og núverandi Íslandsmeistari í svifflugi, endaði í öðru sæti á opna norska meistaramótinu í svifflugi sem haldið var í Elverum í Noregi 27. maí til 2. júní.**

**„Keppnisvegalengd var að jafnaði 3 til 400 kílómetrar og meðalhraði sem náðist 80 til 120 kílómetrar á klukkustund," segir í tilkynningu svifflugdeildar Flugmálafélags Íslands. Steinþór tók þátt í „klúbbflokki svifflugna", en í þeim flokki eru svifflugur með 15 metra vænghaf sem fljúga ekki með vatnshleðslu.** - óká



**VEISLUMATUR** Mörgum þykir grillaður humar lostæti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Merkingu umbúða ábótavant:

# Stöðva sölu á humarhölum

**HEILBRIGÐISMÁL** Stöðvuð hefur verið sala á Blámar-humarhölum og varan kölluð af markaði, að því er fram kemur í tilkynningu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Innköllunin er sögð til komin vegna þess að ekki komi skýrt fram á umbúðum vörunnar að hún innihaldi brennisteinsdíoxíð (súlfít), sem sé ofnæmis- og óþolsvaldur. Efnið er auðkennt sem E223 á umbúðunum, en fram kemur í tilkynningu að notkun E-númers eingöngu teljist ekki skýr merking á ofnæmis- og óþolsvaldinum heldur verði heiti hans að koma fram. - óká

## LÖGREGLUMÁL

### 350 stöðvaðir í miðborginni

Lögregla stöðvaði 350 ökumenn í sérstöku umferðareftirliti um síðustu helgi. Tveir reyndust ölvaðir og eiga ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Þrír til viðbótar þurftu að hætta akstri þar sem þeir höfðu neytt áfengis þó magnið væri undir refsimörkum.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 59351 04/12

**Ólympíuleikarnir í London**
Stærsti heimsviðburður íþróttanna er innan seilingar. Við bjóðum flug og miða á fjölmarga viðburði á Ólympíuleikunum í London í sumar. Vertu á staðnum þar sem afrekin eru skráð á spjöld sögunnar.

**Sérferðir**
Frábærar ferðir með fararstjóra, til Brussel, Sankti Pétursborgar, til Glasgow í september og nóvember, haustferð á hjóli til Denver og ferð á Old Car í Daytona í nóvember.

+ Kynntu þér möguleikana á icelandair.is.

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sveigjanleg skil milli skólastiga:

# Aukið val

Skóli og nám er vinna barna frá um það bil tveggja ára aldri og að minnsta kosti þar til skólaskyldu lýkur þegar þau eru sextán ára. Langflestir unglingar halda svo námi áfram eftir það fram um tvítugt og drjúgur hluti enn lengur í margs konar starfsnámi eða fræðum.

Miklu skiptir því að skólinn sé vettvangur þroska og að börnin vaxi upp í sátt og gleði með vinnustað sínum. Börn eru afar mismunandi og hafa þar af leiðandi mismunandi þarfir varðandi skólavist og nám. Þessu hefur í síauknum mæli verið reynt að mæta bæði í stefnumótun um skóla, svo sem í lögum og námsskrá, og úti á akrinum í skólunum sjálfum með sveigjanlegum kennsluháttum og breyttu skipulagi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Meðal þess sem talsvert hefur verið rætt en erfiðar hefur gengið að framkvæma er að gera skil milli skólastiga sveigjanlegri. Þetta á við um skilin bæði við upphaf og lok grunnskólans.

Um allnokkurt árabil hafa nokkrir einkaskólar boðið upp á svokallaða fimmárabekki og þróað þannig nám á leikskólastigi með meiri grunnskólabrag en hægt er að bjóða börnum innan leikskólans.

Um árabil var grunnskólanemendum einnig boðið að taka framhaldsskólaáfanga meðfram grunnskólanámi þannig að þeir væru í raun komnir af stað með framhaldsskólanám fyrir upphaf formlegrar framhaldsskólagöngu. Vegna ágreinings um kostnað vegna þessa náms hefur þessi valkostur ekki þróast eins og vonast var eftir.

Samstarf leik- og grunnskóla hefur aukist þannig að flest börn sem hefja skólagöngu hafa komið oftar en einu sinni í skólann sinn áður en grunnskólagangan hefst og gera sér áreiðanlega betur í hugarlund hvað bíður þeirra þar en foreldrar þeirra gerðu þegar þeir byrjuðu í skóla, hvað þá afar þeirra og ömmur.

Að auki hefur þróun átt sér stað í námi leikskólabarna og er elstu börnum leikskólans nú víðast hvar boðin dagskrá sem hefur að markmiði að aðlaga þau að því sem koma skal í grunnskóla.

Í Flataskóla í Garðabæ hefur nú verið ákveðið að bjóða upp á nám fyrir fimm ára börn í skólanum. Þetta er liður í samrekstri leik- og grunnskóla sem verið er að skoða um þessar mundir í Garðabæ og verður foreldrum fimm ára barna boðið að velja á milli þess að börn þeirra séu áfram í leikskóla eða fari í grunnskóla þennan síðasta vetur leikskólastigsins.

Þetta er áhugaverð tilraun hjá Garðbæingum og rökrétt framhald af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í íslenskum skólum undanfarna áratugi. Gera má ráð fyrir að önnur sveitarfélög eigi eftir að taka upp þennan þráð og reyna mismunandi útfærslur á framkvæmdinni. Í slíku þróunarstarfi verður að gæta þess að þó að sumum börnum geti hentað vel að stunda nám með grunnskólabrag þegar þau eru fimm ára þá hentar flestum áreiðanlega best að stunda nám sitt og leik innan þess ramma sem leikskólinn býður. Markmiðið verður alltaf að vera það að bjóða hverju barni þann kost sem best á við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Innflutningsbann á kvabb

Alþingismönnum og fjölmiðlafólki var boðið á starfsmannafund Brims í gær til að fylgjast með skoðanaskiptum forsvarsmanna, starfsfólks og sjávarútvegsráðherra. Einn gesta, Jón Gunnarsson alþingismaður, gat þó ekki á sér setið og reyndi með fyrirspurn að flytja hið hefðbundna kvabb sem viðgengst í þingsal yfir í fundarsal. Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, tók í taumana og þaggaði niður í Jóni. „Nei, nei, nei. Þú talaðir við mig um þetta í síma og við sömdum um þetta. Þetta er ekki í boði“, sagði Guðmundur og hlaut fyrir vikið verðskuldað lófaklapp.



### Forsetinn og þingrofsréttur

Ólafur Ragnar Grímsson hefur tekið afgerandi forystu í skoðanakönnunum og í kappræðum frambjóðenda á Stöð 2 á dögunum styrkti hann frekar stöðu sína en hitt. Hann er enda með fróðari mönnum um stjórnmálasögu og stjórnskipun landsins. Í kappræðunum sagði hann meðal annars, til marks um valdsvið forseta, að Sveinn Björnsson hefði í forsetatíð sinni synjað Ólafi Thors forsætisráðherra um þingrof árið 1950.

### Takmarkað fordæmisgildi

Enginn gat hrakið þá fullyrðingu í beinni, en Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur setur þennan atburð í annað samhengi í blaðagrein í gær. Þar er bent á að stjórn Ólafs Thors hafi verið minnihlutastjórn sem hafði þegar beðist lausnar og alls óvíst að þingrofstillagan hefði meirihluta á þingi. Beiðnin hafi einnig verið sett óformlega fram við forseta, meðal annarra valmöguleika, og því sé fordæmisgildi þessara skoðanaskipta Sveins og Ólafs afar takmarkað. Gott væri að hafa fræðimenn til taks í beinni til að rétta sjónarhorn í umræðunni.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gjá milli þjóðar og útvegsmanna

Sjávarútvegsmál



Gunnar Skúli Ármannsson
læknir



Helga Þórðardóttir
kennari

Útvegsmenn, landssamband þeirra og viðhengi hafa stundað grímulausan áróður gegn veiðileyfagjaldinu með öllum tiltækum ráðum. Það auglýsingaflóð hefur sjálfsagt kostað skildinginn. Núna ætla þeir að binda flotann við bryggju. Hvað gera þeir næst?

Venjulega þegar gjá myndast milli þings og þjóðar safnar þjóðin nöfnum á undirskriftarlista og fer með hann til forsetans. Síðan er málið eftir atvikum afgreitt í þjóðaratkvæðagreiðslu með lýðræðislegum hætti. Útvegsmenn gera ekkert slíkt. Þeir vita sem er að stór meirihluti þjóðarinnar er ósammála þeim. Þeir hafa kosið leið valdbeitingar í skjóli fjármagns.

Þess vegna er gjá milli þjóðar og útvegsmanna. Hópar sem vilja að þjóðarviljinn komi skýrt fram hafa að undanförnu safnað undirskriftum á netinu til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipulag við stjórn fiskveiða á http://thjodareign.is/.

Samfara þjóðaratkvæðagreiðslu verður mikil umræða sem yrði mjög upplýsandi. Það liggur nefnilega fiskur undir steini. Það eru tvö frumvörp sem liggja fyrir Alþingi. Frumvarpið um veiðileyfagjaldið sem mest er rifist um en skugga þess leggur yfir annað frumvarp, frumvarpið um stjórn fiskveiða. Það snýr að stjórn fiskveiða og er mun mikilvægara því þar geta handhafar kvótans haldið kvótanum í 20 ár og jafnvel lengur. Í dag fá útgerðarmenn kvótann til eins árs í senn. Afleiðingin er að kvótinn mun færast mun nær því að verða eign útvegsmanna, sem er þeim ekki á móti skapi en í hrópandi andstöðu við vilja þjóðarinnar. Þess vegna verður að stöðva frumvarpið um stjórn fiskveiða, þess vegna verðum við að skrifa okkur á http://thjodareign.is/ og kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sjávarauðlindina okkar.

> Það snýr að stjórn fiskveiða og er mun mikilvægara því þar geta handhafar kvótans haldið kvótanum í 20 ár og jafnvel lengur. Í dag fá útgerðarmenn kvótann til eins árs í senn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tímamót í fangelsismálum

Dómsmál
Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði mun marka tímamót í sögu fangelsismála á Íslandi. Síðasta sérsmíðaða fangelsið á Íslandi, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, var reist og tekið í gagnið árið 1875, fyrir tæplega 140 árum síðan. Fangelsið á Litla-Hrauni var upphaflega byggt sem sjúkrahús fyrir Suðurland en hætt var við þau áform. Landstjórnin keypti bygginguna árið 1929 og breytti í fangelsi eða „letigarð fyrir slæpingja og landshornamenn“ eins og lesa má um í þingskjölum þess tíma.

Í ríflega hálfa öld hefur staðið til að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Um 1960 var Valdimar Stefánssyni sakadómara falið að gera tillögur að nýju fangelsi við Úlfarsá en þau áform dagaði uppi. Síðan hefur saga fangelsisbyggingarmála verið langdregin og einkennst af skýrslugerð, úttektum, athugunum og umræðum um ákjósanlega staðsetningu.

Staða fangelsismála á Íslandi hefur meðal annars verið gagnrýnd í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttindamála á Íslandi en þar er nefnt að elstu fangelsi okkar standist ekki nútímakröfur, biðlisti eftir fangelsisvist sé of langur og að ekki sé hugað nógu vel að stöðu kvenfanga og ungra afbrotamanna innan fangelsiskerfisins.

Í gær kynnti dómnefnd, sem hafði það hlutverk að velja tillögu að undangenginni arkitektasamkeppni, niðurstöðu sína. Það var arkitektastofan Arkís sem hlaut fyrstu verðlaun fyrir tillögu sína að nýju fangelsi. Byggingin er látlaus og einföld og skapar góð skilyrði til afplánunar refsinga. Nýja fangelsið leysir af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fangelsið í Kópavogi en gert er ráð fyrir að 56 fangar geti verið í hinni nýju byggingu. Sérdeild verður fyrir konur og hugað sérstaklega að þörfum þeirra.

> Síðan hefur saga fangelsisbyggingarmála verið langdregin og einkennst af skýrslugerð, úttektum, athugunum og umræðum um ákjósanlega staðsetningu.

Framkvæmdir eiga að geta hafist fyrri hluta árs 2013 og fangelsið síðan tekið í notkun 2015. Á sama tíma verður lögð niður starfsemin í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og Kópavogsfangelsi.

Með byggingu þessa nýja fangelsis verður brotið blað í sögu fangelsismála á Íslandi og um leið og ég þakka dómnefnd fyrir vel unnin störf óska ég okkur öllum til hamingju með þennan áfanga.

# Skemmdarverk

Sjávarútvegsmál
Skúli Helgason
alþingismaður



Landssamband íslenskra útvegsmanna beitir nú grimmum skæruhernaði gagnvart löngu tímabærum breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu. Alþýðusamband Íslands hefur bent á að þær aðgerðir LÍÚ að kyrrsetja fiskveiðiflotann við bryggju alla vikuna séu ólöglegar og feli í sér alvarlegt brot á samskiptareglum á vinnumarkaði. ASÍ áskilur sér rétt til að leita réttar síns fyrir dómstólum enda liggur undir lítt dulbúin hótun LÍÚ um að þessi kyrrsetning sé aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal og því viðbúið að kjör landverkafólks í fiskvinnslu víða um land muni skerðast ef svo heldur fram sem horfir.

Þessar nýjustu aðgerðir koma í kjölfarið á linnulausri auglýsingaherferð LÍÚ sem hefur beitt amerískum áróðursbrögðum til að reyna að koma í veg fyrir breytingar á því kerfi sem hefur malað útgerðarmönnum gull í þrjá áratugi.

Deilan snýst í raun um hvort þjóðin eigi að njóta eignarhalds á auðlind sinni eða hvort auðlindaarðurinn, sem undanfarin ár hefur numið tugum milljarða og fer vaxandi, eigi áfram að renna meira og minna óskiptur til greinarinnar og þá einkum útgerðarmanna.

Það er athyglisvert að hafa í huga forsögu þessa máls og tilurð kvótakerfisins á sínum tíma. Þar er lýsandi þessi frásögn manns sem var í hringiðu atburðanna í árslok 1983 þegar kvótakerfinu var komið á.

„Kvótakerfinu var komið á með hraði um áramótin 1983-4. Það var sett á fót án þess að umtalsverð umræða færi fram á vettvangi stjórnmálanna eða í sjávarútvegsráðuneytinu. Hins raunverulega uppruna kvótakerfisins þarf ekki að leita langt yfir skammt. Fiskiþing gerði samþykkt um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar haustið 1983 þar sem sjónarmið Landssambands íslenskra útvegsmanna varð ofan á. Landvinnslan og þeir sem vildu að fiskveiðiheimildir fylgdu byggðum urðu undir. Í þessari samþykkt fiskiþings er að finna ákvæðin sem kvótakerfið byggist raunverulega á.

Þegar hagsmunaaðilar í útgerð höfðu komið sér saman um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi treystu stjórnmálamenn sér ekki til að ganga gegn þeirri niðurstöðu. Halldór Ásgrímsson studdi stefnu LÍÚ og féllst á rök útgerðarmanna fyrir kvóta á skip.“

Svo mörg voru þau orð Steingríms Hermannssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins og sjávarútvegsráðherra á árunum 1980-1983, í ævisögu sinni. Frásögnin staðfestir að kvótakerfið var skilgetið afkvæmi LÍÚ sem berst nú með kjafti og klóm gegn því að gerðar verði breytingar á því í þá átt að þjóðin fái sanngjarna hlutdeild í auðlindaarðinum og aukins jafnræðis verði gætt við úthlutun tímabundinna nýtingarleyfa.

> Deilan snýst í raun um hvort þjóðin eigi að njóta eignarhalds á auðlind sinni eða hvort auðlindaarðurinn, sem undanfarin ár hefur numið tugum milljarða og fer vaxandi, eigi áfram að renna meira og minna óskiptur til greinarinnar og þá einkum útgerðarmanna.

Þar skal ekkert til sparað en forsvarsmenn LÍÚ skulu hafa í huga að hótanir, ofbeldi og skemmdarverk eru ekki vænlegar aðferðir til að ná samkomulagi í deilumálum sem varða mikilvægustu hagsmuni þjóðarinnar. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur mun ekki láta kúga sig til hlýðni í fiskveiðistjórnarmálinu eins og ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerðu í áratugi.

sjáðu citroën
í dag
milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 8

Vinnandi vegur
á nýjum CITROËN BERLINGO

CITROËN

Sjáðu nýjan og glæsilegan Berlingo. Nýi Berlingo státar af rúmgóðu vinnu- og farþegarými sem sameinar kosti þæginda og hagkvæmni. Með framúrstefnulegri hugsun stenst Berlingo jafnt kröfur til vinnubíla ásamt því að tryggja rekstrarlegt hagræði.

Berlingo státar af aksturseiginleikum fólksbíls og miklu hleðslurými. Afturhurðir bílsins opnast um 180 gráður og því ekkert sem hindrar aðgengi og hleðslu bílsins. Plássið fyrir farþega og bílstjóra er rúmgott og uppfyllir þannig ítrustu kröfur um þægindi.

Búinn öllum nútímaþægindum sameinar Berlingo notagildi atvinnutækisins og þægindi einkabílsins. Berlingo auðveldar einfaldlega vinnuna og eykur afköstin.

Brimborg er vottaður þjónustuaðili fyrir Citroën á Íslandi. Sérfræðingar Brimborgar tryggja öryggi þitt með reglubundnu viðhaldi og eftirliti á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. **Sjáðu Citroën.**

Tökum allar tegundir notaðra bíla upp í nýjan Citroën Berlingo. **Sjáðu nýjan Citroën Berlingo.** Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.




- 6 dyra útfærsla með hliðarhurðum báðum megin
- Fáanlegur 5 dyra með topplúgu
- Hleðslurými 3,3 m³
- Burðargeta 850kg
- 3ja sæta. Tveir farþegar auk bílstjóra
- Öflug og sparneytin dísilvél



CITRÖEN BERLINGO 3 manna
1,6 dísill. 90 hestöfl. 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km*
Koltvísýringur $CO_2$ 138 g/km
Rúmmál 3,3 m³
Burðargeta 850 kg
Verð: **2.462.151 kr.** án/vsk**

* Í blönduðum akstri
** 3.090.000 kr. m/vsk.

Kynntu þér lánamöguleikana og greiðsluhjólin.
Settu gamla bílinn uppí nýjan Berlingo.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



56 **BUBBI MORTHENS** tónlistarmaður er 56 ára í dag.
*„Ég vil frekar vera umdeildur en að öllum sé sama.“*



## 90 ára afmæli

**Guðmundur Ólafsson** stjórnarformaður Bergvík ehf. og fyrrverandi formaður hestamannafélagsins Fáks, verður níræður þann 10. júní. Af því tilefni vill Guðmundur bjóða ættingjum og vinum að gleðjast með sér laugardaginn 9. júní í félagsheimili Fáks í Víðidal frá kl. 19.00.

**ÞETTA GERÐIST:** 6. JÚNÍ 1944

## *Innrásin í Normandí*

Þennan dag árið 1944 réðust bandamenn gegn herjum Þjóðverja í Normandíhéraði í Norður-Frakklandi. Innrásin er ein sú frægasta og afdrifaríkasta í seinni heimsstyrjöldinni þar sem hún olli þáttaskilum í stríðinu. Innrásardagurinn hefur verið kallaður „D-Day“ eða d-dagurinn allar götur síðan.

Í byrjun árs 1944 var orðið ljóst að Þjóðverjar væru að tapa heimsstyrjöldinni. Bandamenn töldu sig þurfa að ráðast inn í Vestur-Evrópu þar sem Þjóðverjar höfðu þó náð að stöðva



sókn þeirra upp Ítalíuskaga. Ákveðið var að á fyrsta degi innrásar skyldu tvær bandarískar, tvær breskar og ein kanadísk herdeild lenda á ákveðnum stöðum á ströndunum í Normandí, en innrásarsvæðin náðu frá Cotentin-skaga í Normandí allt til borgarinnar Caen. Sömuleiðis skyldu tvær bandarískar og ein bresk fallhlífaherdeild lenda að baki varnarliðinu þá um morguninn.

Strandhögg bandamanna hinn 6. júní tókst þrátt fyrir gríðarlega mótspyrnu en baráttan um Normandí stóð fram í ágúst.

ANNA S. ÞORVALDSDÓTTIR: HLAUT TÓNLISTARVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS

# Mikill heiður og viðurkenning

„Þetta er fyrst og fremst gríðarlegur heiður. Ég er mjög þakklát fyrir þessa miklu viðurkenningu og alsæl,“ segir Anna S. Þorvaldsdóttir, tónskáld, en í gær var tilkynnt að verk hennar Dreymi hlyti Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Þema tónlistarverðlaunanna í ár var nýsköpun og skyldu þau veitt núlifandi tónskáldi. Anna var hlutskörpust ellefu tónskálda frá öllum Norðurlöndum sem tilnefnd voru. Í umsögn dómnefndar segir að Dreymi opni veröld sinfóníunnar „á óvenjulegan og nýskapandi hátt. Upphaf og lok verksins hljómar utan tíma og myndar hringrás sem minnir á norrænar goðsagnir og náttúrutrú. Með tónlistinni er reynt að skapa reynslu sem fær tímann til að hverfa – eins og í draumi.“

Raftónlist er áberandi í þeim tónsmíðum sem tilnefndar eru í ár. Anna hefur vakið athygli fyrir notkun raftónlistar í verkum sínum en hún er þó víðs fjarri í Dreymi. „Þemað snerist um nýja strauma en mér sýnist dómnefndin hafa verið mjög opin fyrir hvaða miðli sem er. Dreymi er skrifað fyrir hefðbundna sinfóníuhljómsveit. Ég hjó hins vegar eftir því í umsögninni að þeim fannst hljóðblærinn á ákveðnum stöðum í verkinu vísa í raftónlist, en það var algjörlega ómeðvitað af minni hálfu.“

Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í nóvember en sigurlaunin eru 350 þúsund danskar krónur, eða um sjö milljónir króna. Anna segist vonast til að verðlaunin veki athygli á verkinu. „Það er auðflutt af sinfóníuhljómsveit, þannig séð, og vonandi eiga sem flestar hljómsveitir á Norðurlöndum eftir að vilja flytja það. Ég er þegar búin að fá nokkrar fyrirspurnir að utan.“

Anna hefur verið á miklu flugi undanfarin misseri. Hljómplata hennar, Rhizoma, sem kom út í fyrra, var valin ein af bestu klassísku plötum ársins af vefritinu Time Out og verkið Hrím var valið tónsmíð ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hún kveðst ekki kunna neina skýringu á þessari velgengni.

„Ég hef bara unnið mjög mikið. Rhizoma vakti athygli utan landsteinanna í fyrra og það hefur haft jákvæð áhrif, þetta er bara eitthvað sem hefur undið upp á sig.“ Anna hefur mörg járn í eldinum; hún semur tónlist fyrir væntanlega kvikmynd Marteins Þórissonar, vinnur að verki fyrir kóra og hljómsveit á tónlistarhátíð á Ítalíu og samspili í New York.

„Svo er ég með ótal smærri verk í vinnslu og dagskrá sem heldur mér við efnið næstu árin, sem er frábær staða.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ANNA S. ÞORVALDSDÓTTIR** Í umsögn dómnefndar segir að verðlaunaverkið Dreymi opni veröld sinfóníunnar á óvenjulegan og nýstárlegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURJÓN SKÚLI BJARNASON**
**Laufvangi 10, Hafnarfirði,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 26. maí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Hugrún L. Ólafsdóttir**
**börn, tengdasynir og barnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNLAUGUR GUNNARSSON**
**Æsufelli 4, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.00.

**Þorbjörg Einarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR ERLENDSDÓTTIR**
**Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,**

lést laugardaginn 2. júní á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga, bankareikningur 0327-26-4304/kt. 580690-2389 eða önnur líknarfélög. Starfsfólki Eirar 3. hæð suður eru færðar þakkir fyrir góða umönnun.

**Björn J. Haraldsson**
**Hólmfríður Björnsdóttir** **Sævar Sveinsson**
**Linda Björnsdóttir** **Magnús Bárðarson**
**Lára Björnsdóttir** **Gunnar Sæmundsson**
**Eyrún Björnsdóttir** **Stefán Gunnarsson**
**börn og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HARALDUR BENEDIKTSSON**
**Sléttuvegi 21, Reykjavík,**

andaðist á Landspítalanum Fossvogi þann 4. júní. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Elíasdóttir**
**Höskuldur Haraldsson**
**Emil Haraldsson** **Ásdís Hauksdóttir**
**Lilja Sólrún Haraldsdóttir** **Eysteinn Sölvi Torfason**
**Elías Haraldsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GYÐRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**(frá Höfn, Eyrarbakka)**
**Fossheiði 36, Selfossi,**

lést að kvöldi 28. maí. Jarðarförin fer fram laugardaginn 9. júní kl. 14.00 frá Eyrarbakkakirkju.

**Guðjón Pálsson**
**Regína Guðjónsdóttir** **Siggeir Ingólfsson**
**Ingileif Guðjónsdóttir** **Ólafur Leifsson**
**Margrét Guðjónsdóttir** **Þór Ólafur Hammer**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR GÍSLADÓTTIR**
**frá Hnappavöllum í Öræfum,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 30. maí sl. Útförin verður gerð frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þann 11. júní nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á FAAS, Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Jónína G. Elíasdóttir Hamré** **Bengt Hamré**
**Gísli Þ. Elíasson** **A. Þórey Ólafsdóttir**
**Ingibjörg H. Elíasdóttir** **Árni G. Sigurðsson**
**Guðni K. Elíasson** **Valgerður Sveinbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Elíasson** **Brynja Jónsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG HELGADÓTTIR**
**frá Kolviðarnesi,**

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, föstudaginn 1. júní, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 9. júní kl. 14.00.

**Jónasína Oddsdóttir** **Reynir Bragason**
**Sigurður Oddsson**
**Helgi Oddsson** **Sigríður Þórðardóttir**
**Hjalti Oddsson** **Elín Þorsteinsdóttir**
**Sesselja Oddsdóttir** **Lárus Gestsson**
**Jón Oddsson** **Herdís Þórðardóttir**
**Þorbjörn Oddsson** **Jóhanna B. Þorvaldsdóttir**
**og langömmubörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. júní 2011 | 10. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Áratuga forskot með Svaninn!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Ferðamenn þurfa að eyða meiri peningum á Íslandi



- Meðaleyðsla hvers ferðamanns hefur minnkað frá 2007.
- Á sama tíma hefur ferðamönnum fjölgað gríðarlega.
- Háannatímabilið í ferðaþjónustunni er að lengjast.

## Keldan kaupir Vaktarann

Keldan ehf. hefur keypt Vaktarann, kerfi sem býður viðskiptavinum upp á að fylgjast sjálfvirkt með þjóðfélagsumræðunni, af CLARA ehf. Yfir 100 aðilar nýta sér þjónustu Vaktarans á hverjum degi. Þeir verða ekki fyrir neinni röskun vegna kaupanna.

Vaktarinn er kerfi sem tekur saman þau orð sem fólk tengir við vörumerki viðskiptavinarins og birtir niðurstöður á myndrænan hátt með gagnvirkum skýrslum og Excel. Með þeim hætti gefst viðskiptavinum hans tækifæri til að fylgjast með umræðum um sitt fyrirtæki á netinu.

CLARA ehf., sem bjó til Vaktarann, sérhæfir sig í umræðugreiningu og hefur verið að hasla sér völl erlendis að undanförnu sem leiðandi afl í greiningu á samfélögum tölvuleikja. Félagið hefur meðal annars gert samninga við aðila á borð við PlayStation, Eve Online, Final Fantasy og EverQuest.

-þsj

## Íslendingar sendu um 200 milljónir sms-skilaboða í fyrra

Íslendingar sendu 195,5 milljónir smáskilaboða á árinu 2011. Það þýðir að hver Íslendingur hefur að meðaltali sent 612 skilaboð. Viðskiptavinir Nova senda mun fleiri smáskilaboð en viðskiptavinir annarra fjarskiptafyrirtækja. Alls sendu þeir tæplega 110 milljónir slíkra skilaboða á árinu 2011, eða 56,2 prósent allra þeirra smáskilaboða sem send voru hérlendis á því ári. Alls sendu viðskiptavinir Nova 24 milljónum fleiri smáskilaboð í fyrra en árið áður. Þetta kemur fram í nýrri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar sem var birt í síðustu viku.

Alls fjölgaði smáskilaboðum sem send voru innan íslenska fjarskiptakerfisins um 23,5 milljónir í fyrra og því ljóst að öll sú aukning skilaði sér til Nova. Viðskiptavinir Símans sendu um 41 milljón skilaboð, sem er um 1,2 milljón færri en árið áður. Markaðshlutdeild Símans á sms-markaði var 21 prósent um síðustu áramót. Hlutdeild Vodafone dróst saman og var 19,2 prósent, þrátt fyrir að örlítil aukning hafi verið í sendum skilaboðum á milli ára.

-þsj



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa




**Heimild: Veiðimálastofnun**
**Skráð: 5. júní 2012**

Laxveiðitímabilið 2012 hófst í gærmorgun með veiði í Norðurá. Samkvæmt heildum frá Veiðimálastofnum var sumarið 2011 það fjórða besta frá upphafi. Alls veiddust þá 55.639 laxar á stöng en af þeim var 16.876 löxum sleppt í árnar aftur sem er um 30% af stangveiddum laxi. Hlutfall “veiða og sleppa“ hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1996, úr 2% í 30% af öllum stangveiddum laxi.

Af veiddum löxum sumarið 2011 var 81% smálaxar (eins árs fiskur) og 19% stórlaxar. Heildarþyngd allar landaðra laxa í stangveiði var 101.720 kg.

Almennt er búist við að laxveiði verði yfir meðallagi í sumar þó ekki sé gert ráð fyrir met ári. Árið 2008 var met ár en þá veiddust 84.124 laxar á stöng og 23% af laxinum var sleppt í árnar aftur.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 6. JÚNÍ**
- **Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum**
- **Gistinætur og gestakomur**
- **Lífeyrissjóðir** - hagtölur SÍ

**FIMMTUDAGUR 7. JÚNÍ**
- **Talning úr Þjóðskrá Íslands**
- **Bein fjárfesting** – hagtölur SÍ
- **Efnahagur Seðlabanka Íslands** – hagtölur SÍ
- **Morgunfundur um olíu á drekasvæðinu**

**FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ**
- **Vísitala launa á fyrsta ársfjórðungi 2012**
- **Landsframleiðsla á fyrsta ársfjórðungi 2012**
- **Erlend staða Seðlabankans** – hagtölur SÍ
- **Aðalfundur Haga**
- **Útboð ríkisbréfa**

**MÁNUDAGUR 11. JÚNÍ**
- **Fjármál hins opinbera á fyrsta ársfjórðungi 2012**
- **Markaðsupplýsingar Lánamála Ríkisins**

**ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚNÍ**
- **Fjöldi þinglýstra leigusamninga**
- **Atvinnuleysi í maí 2012**
- **Greiðslumiðlun**

**MIÐVIKUDAGUR 13. JÚNÍ**
- **Vaxtaákvörðunardagur SÍ**
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir** – hagtölur SÍ
- **Útboð ríkisvíxla**

**FIMMTUDAGUR 14. JÚNÍ**
- **Vísitala launakostnaðar**
- **Fiskafli í maí 2012**
- **Smásöluvísitala RSV**
- **Tryggingafélög** – hagtölur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á Vísir*

# LSR selur í Bakkavör vegna óánægju

**LSR hefur selt allan eignarhlut sinn í Bakkavör Group. Barst sjóðnum tilboð í hlutinn eftir að hugmyndir um hlutafjáraukningu félagsins voru kynntar en LSR lagðist gegn hluthafasamkomulagi sem samþykkt var á hluthafafundi 23. maí síðastliðinn.**

**LÍFEYRISSJÓÐIR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is


**HAUKUR HAFSTEINSSON** Haukur segir LSR ekki hafa verið sáttan við það samkomulag um hlutafjáraukningu í Bakkavör sem samþykkt var á hluthafafundi 23. maí síðastliðinn. Fleiri hluthafar, þar á meðal Landsbankinn, voru á móti samkomulaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR, hefur selt allan eignarhlut sinn í Bakkavör Group. Barst LSR tilboð í eignarhlutinn eftir að hugmyndir um hlutafjáraukningu Bakkavarar voru kynntar en LSR lagðist gegn samþykkt á hluthafasamkomulagi sem byggði á hugmyndunum og var samþykkt á hluthafafundi 23. maí. LSR hafði þó þegar selt hlutinn þegar fundurinn fór fram.

„Við fengum tilboð í gegnum ótengdan aðila en samkvæmt efni þess samnings sem gerður var um söluna í kjölfarið ríkir trúnaður um efni hans fyrst um sinn. Ég get þó staðfest að við höfum selt allan okkar eignarhlut og eigum því ekkert lengur í Bakkavör,“ segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR.

Haukur segir að LSR hafi ekki verið sáttur við þær hugmyndir sem kynntar voru á hluthafafundi Bakkavarar Group um hlutafjáraukningu félagsins. „Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að forsendur þess nauðasamnings sem kröfuhafar gerðu við félagið á sínum tíma hafa ekki gengið eftir. Reksturinn hefur einfaldlega verið erfiðari en miðað var við í forsendum samningsins. Það kallaði því á breytingar sem hafa verið kynntar, meðal annars um aukið hlutafé,“ segir Haukur og heldur áfram: „Við settum okkur hins vegar upp á móti þeim hugmyndum og þegar tilboðið barst ákváðum við því fremur að taka því en að vinna eftir samkomulaginu.“

Í samkomulaginu fólst að íslenskir kröfuhafar Bakkavarar Group myndu eignast félagið að mestu. Á sama tíma myndi falla úr gildi hluthafasamkomulag sem tryggði þeim Ágústi og Lýði Guðmundssyni meirihluta í stjórn félagsins og þá skyldu bræðurnir skila eignarhlut í Bakkavör Group til Klakka, áður Exista, sem færður var út úr félaginu árið 2009.

Á móti var samþykkt að bræðurnir gætu keypt allt að 25 prósenta hlut í félaginu og myndi hlutur annarra hluthafa þynnast út. Fyrir hlutinn myndu þeir greiða um fjóra milljarða króna sem er talsvert undir markaðsvirði félagsins en hlutafé þess er talið 20 til 40 milljarða króna virði.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að hópur hluthafa í Bakkavör Group var á móti þeim hugmyndum sem kynntar voru á hluthafafundi félagsins 23. maí síðastliðinn um skilyrta hlutafjáraukningu.

Einn af þeim aðilum sem settu sig upp á móti samkomulaginu var Landsbankinn sem sat hjá við atkvæðagreiðslu um samkomulagið. Var meðal annars haft eftir Kristjáni Kristjánssyni, upplýsingafulltrúa Landsbankans, í Fréttablaðinu síðasta föstudag að bankinn hefði verið mjög óánægður með það verð sem bræðrunum bauðst í hlutafjáraukningunni og marglýst yfir andstöðu við samkomulagið.

Vinna við gerð samkomulagsins var leidd af Arion banka sem var stærsti einstaki kröfuhafi Bakkavarar Group. Aðrir stórir kröfuhafar voru skilanefnd Glitnis, LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður.

Seðlabankinn á tíu prósenta hlut í Sögu sem mun tapast:

# Saga Capital í slitameðferð

Saga Capital hf., sem lengi vel var fjárfestingabanki, hefur verið tekið til slitameðferðar og félaginu skipuð slitastjórn. Þetta gerist í kjölfar þess að Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði að krafa Fjármálaeftirlitsins (FME) um að félagið yrði tekið til slitameðferðar væri réttmæt. Kröfulýsingarfrestur er til 24. ágúst næstkomandi. Þetta kemur fram í innköllun sem birtist í Lögbirtingarblaðinu á mánudag. Í slitastjórn voru skipaðir Ástráður Haraldsson, Arnar Sigfússon og Sigrún Guðmundsdóttir. FME afturkallaði starfsleyfi Sögu sem fjárfestingabanka í október 2011 þar sem hann fullnægði ekki ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um eigið fé. Í kjölfarið var nafni hans breytt aftur í Sögu Capital og félaginu bannað að kalla sig banka.

Forsvarsmenn Sögu reyndu að fá ákvörðunina ógilta en Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti hana í mars síðastliðnum. Í kjölfarið höfðaði FME mál og gerði kröfu um að Sögu yrði slitið. Saga Capital tapaði samtals 8,3 milljörðum króna á árunum 2008-2010. Seðlabanki Íslands átti óbeinan tíu prósenta hlut í félaginu sem nú er tapaður. Forsaga þess að bankinn eignaðist þann hlut er sú að ríkissjóður veitti Sögu 19,6 milljarða króna lán í mars 2009 á tveggja prósenta vöxtum, sem var langt undir þáverandi ávöxtunarkröfu sem var um tólf prósent. Saga núvirti lánið og bjó þar með til nægilega mikla eign í bókhaldi sínu til að sýna jákvætt eigið fé. Þetta lán er tapað að langmestu leyti. **-þsj**

**Leiguflug innanlands og milli landa**

norlandair




**Við erum alltaf á tíma...**
**...á þínum tíma!**

**Hraðfleyg**
**7 breið og þægileg sæti**

Akureyrarflugvelli | 600 Akureyri | 414 6960 | www.norlandair.is | norlandair@norlandair.is




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Internetmarkaður á Íslandi:

# Síminn með rúmlega helmingshlutdeild

Síminn er með rúmlega helmingsmarkaðshlutdeild á internetmarkaði. Alls eru 56.454 aðilar með internetáskrift hjá fyrirtækinu, sem eru 50,6 prósent allra internetáskrifta. Síminn tapaði þó rúmlega 500 viðskiptavinum í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar sem var birt í síðustu viku. Vodafone er næststærsti aðilinn á internetmarkaði með 31,8 prósenta markaðshlutdeild. Viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgaði um rúmlega tvö þúsund á síðasta ári og voru 35.498 í lok þess. Samanlögð markaðshlutdeild Símans og Vodafone var því 82,4 prósent. Tal, þriðji stóri aðilinn á markaðnum, var með 10,4 prósent hlutdeild eftir að hafa tapað um 2.300 viðskiptavinum. Fjölda þeirra sem var með internetþjónustu sína hjá öðrum aðilum en hinum þremur stærstu fjölgaði um tæplega þrjú þúsund á milli ára. Hlutdeild þess hóps fór úr 4,7 í 7,2 prósent.

–þsj

Íslandsbanki ekki með bónusa á teikniborðinu:

# Arion á til útfærslur á kaupaukakerfi



**ÍSLANDSBANKI** Birna Einarsdóttir er bankastjóri bankans. Hjá honum eru engin áform um kaupaukakerfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslandsbanki er ekki með neitt kaupaukakerfi á teikniborðinu sem stendur en Arion banki á til útfærslur á slíku kerfi þó að engin ákvörðun hafi verið tekin um upptöku þess hjá bankanum. Þetta kom fram í svörum upplýsingafulltrúa Íslandsbanka og Arion banka við fyrirspurn Markaðarins um hvort unnið væri að uppsetningu slíks kerfis hjá þeim.

Í svari Haralds Guðna Eiðssonar, upplýsingafulltrúa Arion banka, kom fram að kaupaukakerfi hefði ekki verið tekið upp hjá bankanum. „Hins vegar eru þegar til útfærslur á kaupaukakerfi en engin ákvörðun hefur verið tekin um upptöku þess hjá bankanum.“ Arion banki vildi ekki veita frekari upplýsingar um í hverju þær útfærslur fælust.

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, sagði einfaldlega að kaupaukakerfi væri ekki á teikniborðinu hjá Íslandsbanka í dag. Markaðurinn hefur þegar greint frá því að safnað hefur verið í stofn kaupaukakerfis hjá Landsbankanum frá því í desember 2009. Starfsmenn bankans geta eignast allt að tveggja prósenta hlut í bankanum á næsta ári hækki virði skilyrts skuldabréfs milli gamla og nýja Landsbankans um rúma 30 milljarða króna. Það hefur þegar hækkað um 60,8 milljarða króna sem tryggir starfsmönnum Landsbankans 1,45 prósent hlut. Virði hans er rúmlega þrír milljarðar króna í dag.

-þsj

Skuldabréfaútboð og hlutafjáraukning hjá CCP:

# Björgólfur Thor ætlar að taka þátt

Novator, fjárfestingafélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, ætlar að kaupa breytileg skuldabréf og/eða taka þátt í fyrirhugaðri hlutafjáraukningu sem tölvuleikjaframleiðandinn CCP hyggst ráðast í á næstunni, samþykki aðalfundur félagsins áætlunina. Alls vill stjórn CCP fá heimild til að taka skuldabréfalán upp á allt að 20 milljónum dala, jafnvirði um 2,6 milljarða króna, til fimm ára. Þá sækist stjórnin einnig eftir því að fá heimild til að hækka hlutafé um allt að 625 þúsund krónur að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í tengslum við skuldabréfalánið. Aðalfundurinn verður haldinn 12. júní næstkomandi.

Novator er stærsti einstaki eigandi CCP með 30,4 prósenta eignarhlut. Markaðurinn beindi fyrirspurn til Novators um hvort félagið myndi taka þátt í ofangreindri fjármögnun. Í svari Ragnhildar Sverrisdóttur, talsmanns Novators, kemur fram að „afstaða Novators er sú að félagið hefur áhuga á að taka þátt í þessari fjármögnun og styðja við félagið, hér eftir sem hingað til“.

- þsj



**NOVATOR** Björgólfur Thor Björgólfsson er aðaleigandi fjárfestingafélagsins Novator, sem er stærsti eigandi CCP.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**EIGENDUR** Verði nauðasamningurinn samþykktur munu kröfuhafar gamla Kaupþings, eða þeir sem hafa keypt kröfur þeirra, eiga 87 prósenta hlut í Arion banka.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fer í nauðasamninga á næstu mánuðum

**Slitastjórn Kaupþings ætlar að leggja fram nauðasamning á þriðja ársfjórðungi. Stofnað verður íslenskt eignarhaldsfélag utan um eignir. Almennir kröfuhafar, sem að langstærstu leyti eru erlendir, munu eiga og stjórna nýja félaginu.**

SLITAMEÐFERÐ
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Kaupþing mun fara í nauðasamningsferli á allra næstu mánuðum. Stefnt er að því að leggja fram nauðasamning eins fljótt og auðið er á þriðja ársfjórðungi ársins 2012. Sá ársfjórðungur hefst 1. júlí næstkomandi. Eftir nauðasamninginn verður Kaupþing íslenskt eignarhaldsfélag í eigu, og undir stjórn, almennra kröfuhafa bankans. Þeir eru að langstærstu leyti erlendir aðilar. Einnig er mögulegt að sérstakt eignastýringarfyrirtæki verði sett á laggirnar til að fara með áframhaldandi eignastýringu fyrir Kaupþing. Þetta kemur fram í kynningu sem slitastjórn bankans hélt fyrir kröfuhafa hans 31. maí síðastliðinn. Eignarhaldsfélagið yrði meðal annars eigandi 87 prósenta hlutafjár í hinum íslenska Arion banka.

Samþykktar almennar kröfur í bú Kaupþings í dag eru 2.873 milljarðar króna, en samtals var lýst kröfum í búið fyrir tæplega 4.900 milljarða króna. Virði eigna þrotabúsins var metið á 874 milljarða króna í lok árs 2011.

Í greiningu sem Houlihan Lokey, sem hefur unnið mikið fyrir erlenda kröfuhafa, gerði í nóvember í fyrra og Markaðurinn hefur undir höndum, kom fram að innlendir kröfuhafar Kaupþings myndu líklega tapa um 223 milljörðum króna og fá um 23 prósent af kröfum sínum til baka. Erlendir kröfuhafar bankans myndu hins vegar tapa 2,295 milljörðum króna og fá 21 prósent upp í kröfur sínar. Tap kröfuhafa Kaupþings yrði mest allra þeirra sem áttu kröfur á íslensku bankana.

Í kynningunni segir að „að loknu ítarlegu samráði við óformlega kröfuhafaráðið (ICC) og ýmsa aðra stóra kröfuhafa Kaupþings, er niðurstaðan sú að ICC og stórir kröfuhafar Kaupþings styðja eindregið að leitað verði nauðasamninga. Á grundvelli þessa hefur Kaupþing unnið, ásamt ráðgjöfum sínum, að undirbúningi nauðasamnings“. Leggja á hann fyrir á þriðja ársfjórðungi þessa árs.

Ýmis atriði gætu þó haft áhrif á tímasetningu nauðasamningsins. Þar á meðal er afstaða Fjármálaeftirlitsins (FME) og skattayfirvalda til hans og áhrif gjaldeyrishafta, þar sem reglur Seðlabanka Íslands, sem gilda eiga um kröfuhafa bankanna, eru enn óbirtar.

Aðeins almennir kröfuhafar fá að kjósa um nauðasamninginn. Til að hann verði samþykktur þarf stuðning frá eigendum 60 prósenta af virði allra nauðasamningskrafna og 70 prósenta af fjölda þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Eftir staðfestingu nauðasamningsins mun slitastjórn Kaupþings láta af störfum og kröfuhafar bankans taka hið nýja félag yfir. Lagt hefur verið til að ný stjórn Kaupþings verði skipuð sjö einstaklingum og stefnt er að ráðningu framkvæmdastjóra félagsins. Í kynningunni segir að „alþjóðlegt ráðningarfyrirtæki vinnur nú að því að finna aðila með þekkingu, reynslu og bakgrunn til setu í stjórninni, bæði er leitað að íslenskum og erlendum aðilum“. Þegar búið verður að finna nýja stjórn og framkvæmdastjóra munu þeir aðilar verða til ráðgjafar við að setja upp skipulag nýs fyrirtækis fram að nauðasamningi. Þá hefur slitastjórn kynnt þann möguleika að setja upp sérstakt eignastýringarfyrirtæki, sem stýrt yrði af núverandi eignastýringarteymi, sem myndi sinna eignastýringu fyrir Kaupþing og mögulega aðra þegar fram líða stundir.

**FYRIRHUGUÐ SKIPAN EFTIR NAUÐASAMNING**




**SAMKOMULAG VIÐ SINGER&FRIEDLANDER**

Slitastjórn Kaupþings tilkynnti kröfuhöfum sínum í síðustu viku að hún hefði náð samkomulagi við þrotabú Kaupthing Singer&Friedlander, fyrrum dótturbanka Kaupþings, um uppgjör á 132,8 milljarða króna kröfum hans í bú Kaupþings. Í samkomulaginu felst að kröfur sem hafa verið í ágreiningi lækka um 39,7 milljarða króna.

**STYRKJA SVÆÐISBUNDNA MATARGERÐ**
**Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Ferðamálastofa óska eftir umsóknum í samstarfsverkefnið Krásir – Matur úr héraði. Tilgangur þess er að styrkja þróun í svæðisbundinni matargerð og matartengdri ferðaþjónustu. Umsóknarfrestur er til 11. júní.**

# FÆRRI FRJÓKORN OG FÆRRI HNERRAR

**HAYMAX KYNNIR** *Ólöf Rún Tryggvadóttir lyfjatæknir segir HayMax vera raunverulega lyfjalausa lausn fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi.*

HayMax er áhrifaríkur, lífrænn frjókornatálmi sem kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. „Það er framleitt úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum – býflugnavaxi, ilmkjarnaolíum, Aloe vera og sólblómaolíu og er algjörlega lyfjalaust; sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf. Það er því óhætt að aka þó svo að það sé notað, það hentar því börnum, ófrískum konum og konum með barn á brjósti,“ segir Ólöf Rún.

HayMax er einfaldlega borið vel á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag á meðan á frjókornatímabilinu stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu.

„Býflugnavaxið hefur þá náttúrulegu virkni að fanga frjókornin þannig að þau berast ekki inn í líkamann. Þannig koma ofnæmiseinkenni eins og kláði og hnerri aldrei fram. HayMax er því nokkurs konar náttúrulegur frjókornatálmi.“

HayMax er margverðlaunað í Bretlandi, meðal annars af Astma- og ofnæmissamtökunum. Það fæst í apótekum og heilsuverslunum í þremur útgáfum; án ilmefna eða Pure, Aloe vera og Lavender.



**LYFJALAUS LAUSN** Ólöf Rún Tryggvadóttir segir HayMax kjörið fyrir alla, ekki síst fyrir þá sem ekki geta notað hefðbundin ofnæmislyf. MYND/STEFAN

## REYNSLUSAGA AF HAYMAX

**HayMax virkar vel fyrir litla strákinn minn**

**Annar tvíburinn minn var alltaf hnerrandi og ég var nokkuð viss um að þetta væri ofnæmi. Eitt sinn fórum við í frí og hann var alltaf hnerrandi og með lekandi hor. Ég ákvað því að fara í apótek og athuga hvort það væri eitthvað til handa svona litlum krílum við ofnæmi. Mér var sagt að það væri ekkert nema HayMax. Mér voru sýndar þrjár gerðir og ég valdi að taka HayMax með Aloe vera. Eftir að ég bar það á hann hvarf hnerrinn sem hendi væri veifað. Það var mikill léttir. Í dag er ég alltaf með HayMax í skiptitöskunni og ber það á báða tvíburana þegar við förum út og hvenær sem þörf krefur.**



***Sonja Dögg Ólafsdóttir***





**ÞRJÁR GERÐIR SEM FÁST Í ÖLLUM APÓTEKUM**
*HayMax er fáanlegt í þremur mismunandi gerðum; Pure sem er án allra ilmefna, Aloe vera og Lavender. Hægt er að nálgast HayMax í öllum apótekum og heilsuverslunum.*

ÚTSKRIFTARGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
www.tk.is
Tékk KRISTALL
iittala
10% afsláttur
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Vandaðir þýskir herraskór í úrvali
Léttir og þægilegir herra-sumarskór úr leðri, skinnfóðraðir. Litir: cognac og svart - Stærðir: 40 - 46 - Verð: 14.700.-
Misty skor Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SAFT
RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVINI
Heimili og skóli
www.saft.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
• Þægilegur hiti góð hitadreifing
• Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
• Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
• Fljótlegt að leggja
• Ekkert brot ekkert flot
• Dreifiplötur límdar beint á gólfið
• Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
• Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
• Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið hefst í dag 13. júní
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

GLYMSKRATTINN MEÐ SMUTTY SMIFF FÖSTUDAGSKVÖLD KL. 22
X 97.7

## EINN OG ÓHÁÐUR

**Sumum finnst það spennandi tilhugsun að ferðast einir en svo eru aðrir sem geta einfaldlega ekki hugsað sér að gera það.**
**Að ferðast einn er, að mati þeirra sem reynt hafa, einstæð reynsla sem getur verið mjög gefandi.**



**Fjöldi manna ferðast einir og því auðvelt að hitta aðra einstæða ferðalanga á gistiheimilum, krám, í skipulögðum ferðum eða á öðrum stöðum þar sem ferðamenn eru vanir að halda til.**
**Margir kostir fylgja því að ferðast einn. Ferðalangurinn sjálfur ræður hvernig hann velur stað og stund, það er auðveldara að eignast nýja vini, ferðalagið verður sveigjanlegra og ef eitthvað kemur upp á þarf hann sjálfur að taka ábyrgð á því.**
**Það er ekki allt jákvætt við að ferðast á eigin vegum. Það getur líka haft nokkra ókosti í för með sér. Það lítur enginn eftir einstæðingnum né eftir farangri hans ef hann bregður sér frá. Það getur verið dýrara að ferðast einn en að deila kostnaði með öðrum. Einmanaleiki gæti komið upp.**
**Ókostirnir eru þó færri en kostirnir og því um að gera að stökkva af stað ef ævintýraþráin grípur fólk.**









# INN Í IÐUR JARÐAR

**ÓTRÚLEGT NÁTTÚRUFYRIRBRIGÐI** *Í sumar gefst ferðamönnum kostur á að fara inn í eldfjallið Þríhnúkagíg. Í framtíðinni er hugmyndin að gera gíginn aðgengilegan almenningi í gegnum göng inn í gíghvelfinguna.*

Hugmyndin að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi var fyrst sett fram árið 2004 af Árna B. Stefánssyni, augnlækni og hellamanni. „Við erum búin að vinna að því í mörg ár að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Í stuttu máli er hugmyndin sú að gera göng inn í miðja gíghvelfinguna, þar sem komið verður fyrir útsýnispalli og hringstiga þaðan niður á botn gígsins,“ segir Björn Ólafsson forsvarsmaður Þríhnúka.

„Megindrifkrafturinn að baki þessum hugmyndum er annars vegar verndarsjónarmið og hins vegar að gefa fleirum kost á að kynnast þessum einstaka stað. Í dag er það einungis á færi örfárra sem hafa búnað og þekkingu að komast niður í gíginn og upp aftur. Þríhnúkagígur er hins vegar ekki mjög viðkvæmur staður líkt og margir af okkar hraunhellum og náttúruperlum.

Ef þetta verður að veruleika þá verður gengið inn í gíginn og miklu fleiri geta notið þessa merka náttúrufyrirbæris. Þá verður hægt að heimsækja gíginn allt árið um kring og þar með létta álaginu af öðrum viðkvæmum ferðamannastöðum. Gígurinn sjálfur skemmist ekki því fólki er beint áfram eftir manngerðum stígum og stigum,“ segir Björn.

„Um þessar mundir er unnið að mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi,“ segir hann en í sumar verður settur upp lyftubúnaður þar sem unnið er að rannsóknum og uppmælingu á innviðum gígsins. Jafnframt hefur verið ákveðið að bjóða upp á skipulagðar ferðir með ferðamenn ofan í gíginn í sumar. „Með þessu erum við að kanna viðhorf ferðamanna, hvernig þeir upplifa gíginn og hvort þeim finnist þetta vera eins magnað og við viljum vera láta. Það er í raun hvergi í heiminum hægt að fara inn í eldfjall með þessum hætti.

Í ferlinu öllu er mjög ströngum öryggiskröfum fylgt en það er að sjálfsögðu áhætta í öllu sem fólk gerir.

Þetta verður í þriðja sinn sem búnaðurinn verður settur upp og því komin nokkur reynsla af framkvæmdinni og valinn maður verður í hverju rúmi,“ segir Björn.

**STÓRBROTIÐ** Þríhnúkagígur er gígur eldstöðvar sem gaus fyrir um 4000 árum. Inni í gígnum er stórbrotið umhverfi og er hugmyndin að gera gíginn aðgengilegan almenningi með göngum. MYND/VILHELM



**BJÖRN ÓLAFSSON**
Forsvarsmaður Þríhnúka vill gefa fleirum kost á að njóta þessa merka náttúrufyrirbæris.






## SÓLBRÚNKA GETUR VERIÐ VARASÖM

**Sólbrúnka stafar af því að sól skín á húðina. Útfjólubláir geislar hennar örva litfrumur í yfirhúðinni sem mynda litarefnið melanín. Hlutverk þess er að verja húðina fyrir sömu geislum og dekkja hana um leið. Melanín er öflugt sólarvarnarefni og því er fólk með dökka húð í mun minni hættu að fá húðkrabbamein en fólk með ljósa húð. Sólargeislun og sólbrúnka flýta fyrir öldrun húðarinnar, til dæmis hrukkumyndun, myndun brúnna bletta og þynningu húðarinnar. Alvarlegustu afleiðingar sólskaða eru þó húðkrabbamein. Tíðni húðkrabbameins hefur aukist gífurlega undanfarna áratugi sem rakið er til mikillar sóldýrkunar og sólbrúnkudýrkunar.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

## ÞARF AÐ FRAMKVÆMA MARKAÐSGREININGAR

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir það afleitt að rauneyðsla ferðamanna sé að dragast saman. „Markmiðið er alltaf að fá ferðamenn til að eyða meira. En það er hægara sagt en gert að stýra því nema að vera með vörur til sölu sem eru verðmætar og eftirsóknarverðar. Við megum heldur ekki gleyma því að það er kreppa í öllum heiminum, þar með talið á okkar helstu markaðssvæðum.“



ERNA HAUKSDÓTTIR

Að hennar sögn vantar tilfinnanlega meiri rannsóknir og betri greiningar á ferðaþjónustugeiranum en til eru í dag. „Okkur vantar til dæmis mun betri upplýsingar um hvaðan tekjurnar koma. Það eru til upplýsingar um skiptingu milli flugtekna og annarra tekna, en það er ekki nóg. Það skiptir gríðarlega miklu máli að fá betri greiningu á hvaðan tekjurnar koma til að hjálpa við að ná því markmiði að auka tekjur á hvern ferðamann.

Eitt af því sem við þurfum að gera er að framkvæma svokallaðar markaðsgreiningar. Þær kosta mikla peninga, en skoða hvaða hópar vilja hvaða vöru og eru tilbúnir að borga peninga fyrir þær. Margar þjóðir eru að framkvæma slíkar greiningar, en við höfum ekki verið að gera þær.“



INGA HLÍN PÁLSDÓTTIR

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður markaðssóknar hjá Íslandsstofu, segir markhópagreiningu hafa farið fram hjá stofunni að undanförnu. „Undanfarið höfum við verið að reyna að greina þann hóp sem hefur áhuga á Íslandi. Við höfum verið að reyna að meta hann ekki út frá landfræðilegum þáttum eða aldri heldur meira út frá áhugamálum fólks. Þetta er vinna sem við eru rétt byrjuð að tæpa á.

Í þessari vinnu höfum við skilgreint markhóp sem við köllum „hinn upplýsta ferðamann“. Hann er lífsstílsmiðaður ferðamaður sem sækist eftir fleira en hinu venjulega. Hann fer ekki í týpískar verslunarferðir, er duglegur að sækja sér upplýsingar á netinu og er tilbúinn að deila upplifunum sínum. Við viljum síðan greina þennan hóp dýpra í kjölfarið.“

Hún segir Íslandsstofu nýverið hafa gert viðhorfskönnun í fjórum löndum: Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku og Bretlandi. „Í þeim erum við að meta hverjir það eru sem eru jákvæðir gagnvart Íslandi sem áfangastað og hverjir það eru sem vilja ferðast til Íslands í framtíðinni. Í þessum könnunum erum við ekki að tala við ferðamenn sem þegar koma til landsins, heldur þá sem við eigum enn eftir að ná til.“

Að sögn Ingu Hlínar snérist „Inspired by Iceland“ átakið að sumu leyti um að reyna að fá ferðamenn til að eyða meiri peningum hérlendis en þeir gerðu áður. „Þar vorum við að láta þá vita af öllu sem hægt er að gera á Íslandi. Að láta vita af matnum, hönnuninni og svo framvegis. Þar var lögð áhersla á að það sé meira í boði á Íslandi en bara náttúran, sem verður þó alltaf númer eitt.“

## ÞRÓUN Í FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI

### Erlend Kortavelta - Mánaðargögn




### Erlendir gestir um Leifsstöð eftir árum og þjóðernum 2003-2011 (nóv-okt)




### Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð




HEIMILD: DATAMARKET



**BLÁA LÓNIÐ** Ferðamönnum sem koma til landsins hefur fjölgað um 6,1 prósent á ári frá aldamótum. Rúmlega 70 prósent þeirra sem heimsóttu landið sumarið 2011 heimsóttu sundstaði eða náttúruböð á borð við Bláa lónið. MYND/GETTY IMAGES

# Ferðamenn eyða minna en árið 2007

**Meðaleyðsla hvers einstaks ferðmanns hefur dregist saman á síðustu fimm árum ef tekið er tillit til veikingar krónunnar. Á sama tíma hefur ferðamönnum fjölgað um hátt í hundrað þúsund. Vöntun er á rannsóknum og greiningum á eyðslunni til að hægt sé að auka hana.**

FRÉTTASKÝRING
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Hver einstakur erlendur ferðamaður eyddi jafn miklu hérlendis í fyrra og hann gerði árið 2009. Eyðsla á hvern ferðamann dróst saman um rúm sex prósent frá árinu 2010 ef miðað er við fast verðlag. Eyðsla ferðamanna hefur minnkað frá árinu 2007 ef tekið er tillit til falls krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Þetta kemur fram í tölum um árlega kortaveltu erlendra ferðamanna sem DataMarket tók saman fyrir Markaðinn.

Ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað mjög hratt á undanförnum árum. Í fyrra komu samtals 565.600 slíkir til Íslands samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu Íslands. Þar af komu rúmlega 540 þúsund manns um Leifsstöð. Þeim fjölgaði um 15,7 prósent á síðasta ári og hefur fjölgað að meðaltali um 6,1 prósent á ári frá aldamótum, þegar 303 þúsund manns heimsóttu landið.

Tæplega 96 prósent þeirra, alls 541 þúsund manns, koma til landsins um Leifsstöð. Restin kemur með Norrænu eða með flugi um Reykjavíkur-, Akureyrar- eða Egilsstaðaflugvöll.

Samkvæmt tölum sem DataMarket tók saman, og ná til þeirra sem koma hingað um Leifsstöð, komu flestir erlendir ferðamenn til landsins í ágúst í fyrra. Mesta athygli vekur þó mikil aukning ferðamanna í septembermánuði, en þeim fjölgaði um 20,7 prósent á milli ára. Sú aukning gefur sterklega til kynna að háannatími íslenskrar ferðaþjónustu sé að lengjast.

Til viðbótar við ofangreint hefur fjöldi þeirra sem koma við á Íslandi og ferðast með skemmtiferðaskipum aukist mjög hratt. Farþegar þeirra voru um 27 þúsund árið 2000 en mældust 66 þúsund alls í fyrra. Fjöldi ferðamanna sem sækja Ísland heim með þessari leið hefur aukist um 9,3 prósent á ári á tímabilinu.

Þrátt fyrir að ferðamönnum hafi fjölgað gríðarlega mikið þá virðist meðaleyðsla þeirra ekki vera að aukast mikið. Á föstu verðlagi eyddi hver ferðamaður rúmlega 120 þúsund krónum hérlendis í fyrra. Inni í þeirri tölu er allur gisti- og ferðakostnaður innanlands. Það er nánast sama upphæð og hver ferðamaður var að eyða að meðaltali árið 2009 og um átta þúsund krónum minna á hvern ferðamann en árið 2010.

Þessi þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir að Ísland hafi farið úr því að vera mjög dýrt land heim að sækja í það að vera mjög ódýrt vegna falls íslensku krónunnar. Virði hennar féll til dæmis um 43 prósent gagnvart evru frá árslokum 2007 fram til síðustu áramóta. Á sama tíma hefur eyðsla ferðamanna í krónum talið einungis aukist um 39,3 prósent þegar búið er að leiðrétta fyrir verðbólgu.

### Ferðamenn um Leifsstöð eftir löndum

**Breyting á milli ára**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 26.395 | ↓ | 278 |
| Bretland | 7.282 | ↑ | 1.034 |
| Danmörk | 2.566 | ↓ | 500 |
| Finnland | 1.019 | ↓ | 296 |
| Frakkland | 6.702 | ↓ | 52 |
| Holland | 2.716 | ↑ | 61 |
| Ítalía | 2.654 | ↓ | 78 |
| Japan | 1.322 | ↑ | 209 |
| Kanada | 4.482 | ↓ | 220 |
| Kína | 3.590 | ↑ | 375 |
| Noregur | 6.140 | ↑ | 162 |
| Önnur þjóðerni | 4.836 | ↑ | 733 |
| Pólland | 986 | ↑ | 138 |
| Rússland | 827 | | |
| Spánn | 1.734 | ↓ | 90 |
| Sviss | 992 | ↑ | 93 |
| Svíþjóð | 4.891 | ↓ | 228 |
| Þýskaland | 2.438 | ↓ | 157 |

## BRETAR KOMA HINGAÐ ALLT ÁRIÐ

Flestir þeirra ferðamanna sem koma til Íslands koma frá Bandaríkjunum. Af þeim tæplega 541 þúsundi ferðamanna sem kom til landsins um Leifsstöð í fyrra komu tæplega 78 þúsund þaðan. Þeim fjölgaði um rúmlega 26 þúsund á milli ára, sem er aukning um 51,6 prósent. Einungis ferðamönnum frá Kína fjölgaði hlutfallslega meira, en þeim fjölgaði um 69 prósent.

Alls komu tæplega 68 þúsund Bretar til landsins. Þeim fjölgaði um rúm tólf prósent á milli ára og er sá hópur sá næstfjölmennasti sem hingað kemur ef mælt er eftir þjóðerni. Í samantekt DataMarket kemur fram að tæpur helmingur þeirra kemur utan hins hefðbundna háannatíma (maí-október). Það er langhæsta hlutfall ferðamanna frá einu landi sem heimsækir Ísland utan hans. Til samanburðar má geta þess að einungis um 17 prósent þeirra 57 þúsund þýsku ferðamanna sem komu til Íslands á síðasta ári ferðuðust hingað utan háannatíma.

Alls komu samtals 15.686 ferðamenn um Leifsstöð frá Kína og Japan í fyrra. Kínverskum ferðamönnum fjölgaði gríðarlega, um 69 prósent á milli ára, en samanlagt hlutfall ferðamanna frá þessum tveimur gríðarfjölmennu Asíuríkjum er samt sem áður ekki nema tæp þrjú prósent af öllum þeim ferðamönnum sem komu til Íslands á árinu 2011. Ástæður þess eru helst þær að ekki er flogið beint til Íslands frá neinu Asíulandi.

# Fjárfestar horfa á arðgreiðslur

AÐSEND GREIN
**Eggert Þór Aðalsteinsson**
Sérfræðingur hjá Virðingu hf.

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði hefur verið ágæt það sem af er ári. Góður tekjuvöxtur kauphallarfélaga í hátækniiðnaði, sjávarútvegi og ferðamannaþjónustu hefur lagt grunn að öflugu sjóðstreymi sem hefur gert þeim kleift að lækka vaxtaberandi skuldir og greiða út arð til hluthafa. Sum þeirra eru jafnvel í örum vexti. Auknar og vaxandi arðgreiðslur eru til merkis um þann mikla viðsnúning sem hefur orðið á fjárhagslegri stöðu kauphallarfélaga á skömmum tíma. Fjárfestar munu horfa mikið til arðgreiðslugetu nýrra félaga sem hyggjast fara í skráningu og getu þeirra til að standa undir markmiðum sínum.


EGGERT ÞÓR AÐALSTEINSSON

### RÚMIR ÞRÍR MILLJARÐAR

Samkvæmt samantekt greinarhöfundar stefnir í að fyrirtæki skráð í Kauphöllina greiði eigendum sínum alls um 3,5 ma. króna vegna afkomu ársins 2011 samanborið við tæpan 1,5 ma. króna árið áður. Leiðrétt fyrir væntanlegri arðgreiðslu frá Högum hafa arðgreiðslur því tvöfaldast á milli ára.

Markaðsvirði hlutabréfamarkaðarins stendur í um 300 milljörðum króna þannig að arðgreiðslur samsvara rúmu einu prósenti af markaðsverðmætinu. Það er lágt hlutfall, til samanburðar stendur arðgreiðsluhlutfallið nú í 2,23% fyrir S&P 500 vísitöluna en fór hæst í 4,1% þegar alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir risu úr kör í mars 2009. Ýmislegt bendir þó til þess að hlutfall íslenska markaðarins fari hækkandi. Tvennt kemur þar til: Annars vegar hafa sum félögin mótað arðgreiðslustefnu sem gerir ráð fyrir auknum arðgreiðslum að öllu óbreyttu frá núverandi gildi. Hitt er svo líklegt að mörg þeirra fyrirtækja sem stefna á hlutabréfamarkað á næstu misserum vilji laða til sín almenna fjárfesta með arðgreiðslum, má þar nefna olíufélög, tryggingafélög, banka og jafnvel orkufyrirtæki. Flestöll félög sem hafa boðað komu sína á hlutabréfamarkað eiga það sammerkt að starfa á innanlandsmarkaði þar sem vaxtartækifæri eru af skornum skammti eða jafnvel engin. Ávöxtun hlutabréfa slíkra félaga mun því að miklu leyti mótast af lækkun vaxtaberandi skulda og arðgreiðslum.

### ARÐGREIÐSLUSTEFNA SETT FRAM

Þrjú af stóru félögunum á markaði, Marel, Icelandair Group og Hagar, hafa mótað arðgreiðslustefnu. Hluthafar í Marel fengu fyrr á árinu arð í fyrsta skipti síðan 2007 og geta reiknað með vexti arðgreiðslna á næstu misserum miðað við núverandi rekstur. Félagið hefur í hyggju að greiða 20-40% árshagnaðar í arð en arðurinn nú er í neðri mörkum þessa markmiðs. Icelandair Group hefur svipaða arðgreiðslustefnu – þar hækkaði m.a.s. markaðsverðmæti félagsins daginn eftir að það greiddi út 800 milljónir til hluthafa. Í tilviki Haga lagði stjórn félagsins fram þá tillögu að hluthafar gætu gengið að því vísu að arðgreiðslur verði að lágmarki 45 aurar á hlut og vaxi samhliða lækkun á vaxtaberandi skuldum félagsins. Hluthöfum Haga er því beinlínis lofað arði á hverju ári.

Eftir stendur Össur, næststærsta kauphallarfélagið. Þar íhuga stjórnendur að hefja arðgreiðslur, enda styttist ört í að félagið verði skuldlaust og stór fjárfestingartækifæri hefur ekki rekið á fjörur félagsins. HB Grandi hefur greitt út arð samfleytt frá árinu 1998. Arður fyrir síðasta ár var tvöfalt meiri en árið 2010.

En það er víðar en á Íslandi þar sem fer saman góður rekstur og vöxtur arðgreiðslna. Árið 2012 verður sennilega stærsta arðgreiðsluárið meðal S&P 500 félaga síðan aldamótaárið 2000. Yfir 80% félaga í vísitölunni hafa greitt arð á árinu þ. á m. Apple og Nasdaq OMX-kauphallarsamstæðan sem greiða arð til hluthafa í fyrsta skipti.

### PENINGAR EÐA ENDURKAUP?

Það er fagnaðarefni að aðeins þremur árum eftir bankahrunið skuli rekstur íslenskra kauphallarfyrirtækja geta staðið undir heilbrigðum arðgreiðslum.

Þetta er ólíkt því sem þekktist á árunum fyrir hrun þegar arðgreiðslustefna skráðra fyrirtækja var tilviljanakennd og oftast í engu samræmi við mikla skuldasöfnun. Eftir stendur hins vegar spurningin sem margir fjárfestar fastir í fiskibúrahagkerfi gjaldeyrishafta glíma við: Hvað eiga menn að gera við arðinn? Lífeyrissjóðir og hlutabréfasjóðir eru áberandi á innlendum hlutabréfamarkaði. Þeir búa við mikið innstreymi fjármagns og leita logandi ljósi að góðum fjárfestingarkostum. Fyrir þá gæti hentað betur að fyrirtæki færi aðra leið að því að deila eigin fé út til hluthafa. Þannig gætu uppkaup fyrirtækja á eigin hlutabréfum verið valkostur andspænis beinum arðgreiðslum. Með því móti er verðmæti hluthafa aukið í gegnum lækkun útistandandi hluta auk þess sem sú leið dregur úr endurfjárfestingaráhættu hluthafa.

**ARÐGREIÐSLUR KAUPHALLARFYRIRTÆKJA**

*Upphæðir í m.kr.*

| Félag | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways | 156 | 167 | 159 |
| Atlantic Petroleum | 0 | 0 | 0 |
| BankNordik | 0 | 873 | 0 |
| Hagar | 527 | 0 | 0 |
| Hampiðjan | 124 | 74 | 60 |
| HB Grandi | 679 | 340 | 204 |
| Icelandair Group | 800 | 0 | 0 |
| Marel | 1.156 | 0 | 0 |
| Nýherji | 25 | 0 | 0 |
| Sláturfélag Suðurlands | 27 | 11 | 0 |
| Össur | 0 | 0 | 0 |
| **Alls** | **3.495** | **1.466** | **423** |



# Hvað er verið að segja um þig í fjölmiðlum?

Við vöktum og greinum alla umfjöllun og tryggjum þér fullkomna yfirsýn




## ALLAR FRÉTTIR Á EINUM STAÐ

Nýr notendavefur Fjölmiðlavaktarinnar veitir aðgang að öllum fjölmiðlaupplýsingum á einum stað.

SAMFÉLAGS-MIÐLAR | ÚTVARP | NETMIÐLAR | SJÓNVARP | PRENTMIÐLAR

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FMV.IS**

FJÖLMIÐLAVAKTIN

FJÖLMIÐLAVAKTIN • HÖFÐABAKKA 9 • 110 REYKJAVIK • SÍMI: 550 9600

RADGJOF@FMV.IS

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

## Höft, vextir og kosningar

Það er kunnara en frá þurfi að segja að gjaldeyrishöftin valda hagkerfinu margs konar skaða. Það þýðir ekki að óskynsamlegt hafi verið að taka þau upp, það er mun flóknara reikningsdæmi, en það þýðir að það er mikilvægt að vinna að skipulögðu afnámi þeirra eins fljótt og auðið er. Það verkefni verður brýnna með hverjum mánuði sem líður því eftir því sem samfélagið venst höftunum lærir það betur að búa með þeim. Hljómar kannski ágætlega en er í raun neikvætt því erfiðara verður að afnema höftin því fastari sem þau eru í sessi. Með öðrum orðum má segja að höftin valdi því að íslenskt og erlent efnahagslíf reki í sundur og því lengra sem bilið verður því erfiðara verður fyrir efnahagslífið að aðlagast á ný frjálsu flæði fjármagns.

Ein afleiðing gjaldeyrishaftanna er sú að ríkissjóður hefur getað fjármagnað sig mjög ódýrt á síðustu misserum. Er það annars vegar vegna þeirra miklu fjármuna sem lokuðust inni í hagkerfinu þegar höftunum var komið á og hins vegar þess að Seðlabankinn gat eftir bankahrun haldið vöxtum mun lægri en ella þar sem höftin stöðvuðu hrun krónunnar. Hið opinbera býr sem sagt við nokkru lægri vexti af lánum sínum en skuldsetning þess gefur tilefni til. Fyrir vikið eru gríðarhá vaxtagjöld ríkissjóðs, rúmir 77 milljarðar króna árið 2012 samkvæmt fjárlögum, þó viðráðanlegri en ella.

Ríkissjóður greiðir sem sagt ríflega sjöföld árleg framlög til Háskóla Íslands í vaxtagjöld þrátt fyrir að njóta góðs af skjóli haftanna. Í ljósi þessarar stöðu ætti það augljóslega að vera forgangsatriði hjá stjórnvöldum að greiða niður skuldir og gera hinu opinbera þannig auðveldara fyrir að búa við dýrari fjármögnun þegar höftin hafa verið afnumin. Ekki síst þegar haft er í huga að útlit er fyrir nokkurn hagvöxt og minnkandi atvinnuleysi á næstunni. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Seðlabankinn hafa enda kallað eftir því að í engu verði brugðið frá markmiðum um aðhaldssama ríkisfjármálastefnu sem hafi það að aðalmarkmiði að greiða niður skuldir. Því miður virðast hins vegar ýmis teikn á lofti um að einmitt það hafi gerst.

Það þarf kannski ekki að koma á óvart enda kosningar í nánd og augljós freisting til staðar fyrir óvinsæla ríkisstjórn að reyna að kaupa sér vinsældir með auknum ríkisútgjöldum. Þá munu stjórnarandstöðuflokkarnir sennilega lofa ýmsum framkvæmdum og útgjöldum komist þeir til valda en þar á bæ hefur áherslan heldur verið á að lofa lægri sköttum og minni niðurskurði fremur en að tala um þörfina á að greiða niður skuldir. Það eru augljósir hagsmunir ríkissjóðs, og þar með okkar allra, að lögð verði áhersla á niðurgreiðslu skulda. Kjósendur verða því að vera varðbergi fyrir útgjaldaloforðum stjórnmálamanna sem ómögulegt eða óskynsamlegt verður að standa við.

VELKOMIN Á BIFRÖST

Opið fyrir umsóknir



Háskólasamfélagið á Bifröst er einstakt samfélag sem sameinar vandað nám og frábært umhverfi fyrir börn og fullorðna. Við leggjum áherslu á að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið með markvissri kennslu, símati og raunhæfum verkefnum. Markmið okkar er að veita nám sem nýtist.

Frumgreinanám
- **Frumgreinanám** í fjar- og staðnámi



Grunnnám
- **HHS**: Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, í fjar- og staðnámi
- **Viðskiptafræði**, alhliða viðskiptanám, í fjar- og staðnámi
- **Viðskiptafræði** með áherslu á markaðssamskipti, í fjarnámi
- **Viðskiptalögfræði**, laganám með tengingu við rekstur, í staðnámi

Meistaranám
- **MA** í menningarstjórnun
- **MA** í menningarfræðum
- **ML** í lögfræði
- **MS** í alþjóðaviðskiptum

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Pioneer
HLJÓMTÆKI
Best í bílinn...
Velkomin í tæran tón!





• DEH-1400U
· 4x50W Mosfet magnari · Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB · Aux og USB tengi að framan · Rauðir takkar, hvítir stafir á svörtum grunni > 19.900,- kr.

• DEH-3400UB
· 4x50W Mosfet magnari · Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB · iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki) · AUX og USB inngangar að framan · Multi-Color: Frjálst litaval á takka, texta og skjá > 28.900,- kr.

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800
www.ormsson.is
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## Málarar

### Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

### Málarar
Löggildur málari. Getum bætt við okkur verkefnum. S. 696 2748 / 698 4004 / loggildurmalari@gmail.com

### Bjössi málari kemur húsinu í stand!
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

Tek að mér alla almenna málningavinnu. Uppl. Í s. 847 2024

### Málningarþjónusta Suðurlands
Málarar geta bætt við sig verkefnum. Lægra verð. S. 779 0900

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**byggjum:**
múrarar
málarar
píparar
flísalagnir
alhliða viðhald

heildarlausnir í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

**HLAÐBÆR COLAS**

### MALBIKSVIÐGERÐIR
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.
Sími: 565-2030
www.colas.is colas@colas.is
ISO 9001 vottun

**ÞAKMÁLUN.IS**
Símar
899 2008
og
661 7444

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

### Smiðurinn góði
Alhliða smíðaþjónusta tilboð/tímavinna verk stór sem smá, inni sem úti. Óli s. 698 9608

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

## Tölvur

**omnis verkstæði**
Ókeypis bilanagreining á tölvum.
444 9900 - Ármúli 11 - www.omnis.is

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar

### Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### 661 3839 - Símaspá
Tímapantanir frá kl. 13.00.

## Önnur þjónusta

# KEYPT & SELT

## Til sölu



### Lok á heita potta og hitaveituskeljar.
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

Blautbúningur/surfgalli til sölu, mjög lítið notaður í st. L. Hanskar og skór fylgja með.v. 50 Þ. S. 869 0152

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

Ýmislegt til húsbygginga. Vantar glugga, timbur/plast, einangrunarull, 23x120 borð, stallastál, þakpappa, nagla og ýmislegt fl. S. 660-6707

## Til bygginga



### Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

### NUDD OG HEILSA
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Óska eftir helst hvítum fress kettling ekki eldri en 2 mánaða, á sama stað vantar hamsturs búr. S. 557-1666 og 857-4502.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 75 fm, þriggja herbergja íbúð í mosfellsbæ laus strax allt sér uppl. í s.8970630.

Herbergi til leigu í Álftamýri fyrir reglusaman einstakling. Uppl. í s. 865 9637.

## Húsnæði óskast

Erlent par með 7 mánaða gamallt barn óska eftir 2. herb. íbúð frá 1.mars. s. 553 0520 eða 697 9582.

## Húsnæði til sölu



Til sölu frístundarhús 25 m2 fokhelt og tilbúið til flutnings. Ásett verð 1.200.000.-Skoða skipti á sex-hjóli eða Aliner fellihýsi. Uppl. í síma 892-2048.

## Atvinnuhúsnæði

Björt og rúmgóð vinnustofa til leigu á Ártúnshöfða. Sími 699-5112

Atvinnuhúsnæði við Kópavogshöfn til leigu eða sölu. Gólfflötur 126 fm, efri hæð 80 fm. Stórar innkeyrsludyr. Í húsnæðinu er kælir. Húsnæðið hefur leyfi fyrir matvælavinnslu. Uppl hefur Guðmundur í s. 896 1275.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsfólk óskast !**

**Veitingahús óskar eftir starfsfólki á bar og í eldhús. Helst vanir. Aðeins 25 ára og eldri.**

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

**N1**

**óskar eftir að ráða áreiðanlega og kraftmikla vaktstjóra til starfa á þjónustustöðvar félagsins að Bíldshöfða 2 Reykjavík og Háholti Mosfellsbæ.**
**Reynsla af störfum í verslun og þjónustu skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veita Jón Pétursson stöðvarstjóri Bíldshöfða í síma 660 3256 og Jón Lúðvíksson stöðvarstjóri Háholti í síma 660 3296.**

**Áhugasamir sæki um á www.n1.is**

Vantar múrara vinsamlegast hafi samband við Þorbjörn S.863 2134.

Óskum eftir vönum sölumanni hjá bifreidum.is í sölu á notuðum bifreiðum og tækjum. Áhugasamir sendið upplýsingar á hogni@bifreidar.is

### Móttaka gesta - næturvörður
Íbúðar hótel í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku, um er að ræða framtíðarstarf, hugsanlega sumarstarf. vinsamlegast sendið umsóknir til mottaka@apartmentk.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

### Tilbreyting? Ævintýri?
Konur sem vilja kynnast körlum strax nota Rauða Torgið. Það er frítt. Sími 555-4321.

### KK um fimmtugt
vill kynnast karlmanni með leiki í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8690.

### Dökk kona óskast
Kona leitar að dökkri konu, líklega til að byggja þríhyrning. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8484

## Atvinna

# Bæjarlögmaður

**Kópavogsbær auglýsir stöðu bæjarlögmanns lausa til umsóknar tímabundið í eitt ár eða til júníloka 2013.**

Bæjarlögmaður annast hvers konar samningsgerð og er ráðgjafi bæjarráðs og umsagnaraðili í lögfræðilegum efnum. Hann annast jafnframt lögfræðilega innheimtu og málflutning fyrir bæjarfélagið. Bæjarlögmaður annast upplýsingagjöf varðandi tryggingamál bæjarins og meðferð bótamála.

**Helstu verkefni bæjarlögmanns**
- Veitir stofnunum og stjórnkerfi bæjarins lögfræðilega ráðgjöf.
- Annast dómsmál fyrir héraðsdómi og sér um meðferð mats- og gerðardómstóla.
- Er tengiliður við lögmenn sem kunna að reka mál bæjarins fyrir dómstólum.
- Annast samningagerð er varða kaup/sölu fasteigna.
- Veitir ráðgjöf varðandi skjala- og samningagerð.
- Veitir stofnunum bæjarins aðstoð við túlkun lagaákvæða og reglugerða.
- Sér um löginnheimtu á tilteknum vanskilakröfum.
- Heldur skrár um samþykktir og reglugerðir varðandi sveitarstjórnarmál.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði.
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.
- Góð þekking og reynsla í opinberri stjórnsýslu.
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti.
- Rík áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk.**

KÓPAVOGSBÆR

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon, bæjarritari, í síma 570 1500. Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is

www.kopavogur.is

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** klink, **6.** frá, **8.** sigti, **9.** draup, **11.** tveir eins, **12.** hroki, **14.** svall, **16.** fíngerð líkamshár, **17.** eru, **18.** pota, **20.** tveir eins, **21.** stagl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórn, **3.** þys, **4.** ófrægðarpappír, **5.** hestaskítur, **7.** pest, **10.** frostskemmd, **13.** skraf, **15.** yfirhöfn, **16.** umrót, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mynt, **6.** af, **8.** sía, **9.** lak, **11.** öð, **12.** dramb, **14.** slark, **16.** ló, **17.** séu, **18.** ota, **20.** ff, **21.** stag.

**LÓÐRÉTT: 1.** vald, **3.** ys, **4.** niðbréf, **5.** tað, **7.** farsótt, **10.** kal, **13.** mas, **15.** kufl, **16.** los, **19.** aa.




BORGIR
FASTEIGNASALA

OPIÐ HÚS Í DAG

SOGAVEGUR 76 – 108 RVK.



Fallegt einbýli á tveimur hæðum um 197 fm. Húsið skiptist í hæð 104,6 fm og ris 60 fm og innréttaður bílskúr 32 fm. Í húsinu eru 4 góð svefnherbergi og tvær rúmgóðar stofur o.fl.. Mjög stórar svalir eru yfir bílskúrnum. Stór viðbygginging var gerð við húsið fyrir 20 árum. Áhugavert hús á góðum stað.
**Verð kr. 39,9 millj.**

**Opið hús í dag milli kl 17,30 og 18,00**

**Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

**Íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu óskast til leigu**

Traustur aðili óskar eftir sérhæð, einbýli eða raðhúsi á höfuðborgarsvæðinu til leigu. Leigutími er 6-8 mánuðir frá 25. júní n.k. Eignin þarf að vera með fjórum svefnherbergjum.
**Nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 588 9090 eða 861 8514 og Hilmar Þór Hafsteinsson í síma 588 9090 eða 824 9098.**

# Reyni aftur á morgun

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Þjónustufulltrúar okkar aðstoða þig með ánægju eftir augnablik," malaði stimamjúkur símsvarinn í eyrað á mér. Ég hafði reyndar enga trú á því, enda höfðu þeir „því miður" allir verið uppteknir í stundarfjórðung þegar þarna var komið sögu. Ég hékk enn á línunni. Sá stimamjúki hélt mér við efnið með því að gauka öðru hvoru að mér upplýsingum um heimasíðuna, hvar ég væri í röðinni og að erindi mínu yrði jú, sinnt með ánægju, bráðum. Ég var númer 7. Loks gaukaði hann því að mér að ég gæti líka lagt nafnið mitt og síma inn á símsvarann og þá yrði hringt í mig innan klukkutíma. Ég gerði það. Tveimur tímum síðar hafði enginn hringt. Ég náði engu sambandi þennan daginn.

**ÞETTA** var í fyrradag, síðasta sólardaginn í átta daga hitabylgjunni en það kólnaði hressilega í gær. Ég giskaði á að þjónustufulltrúarnir hefðu allir verið uppteknir við annað, borða ís og safna freknum kannski! Nema það hafi sérstaklega margir átt erindi, einmitt þennan dag svo þeir hreinlega komust ekki í símann vegna anna.

**ÉG** varð svo sem ekkert súr yfir þessu. Svoleiðis. Teygði sjálf á kaffitímanum mínum eins og ég þorði þennan dag og sat úti í sólinni. Gott ef ég notaði ekki drjúgan hluta biðtímans í símanum einmitt til að safna freknum. Ég gat ekki farið að fjargviðrast úr af því þó gráguggnar skrifstofublækurnar sæktu í sólina, þá loksins hún skein.

**VIÐ** eigum nefnilega ekki að venjast svona tíð í maí eða yfirleitt bara. Það eru meira að segja gefin „sólarfrí" sums staðar á Íslandi þegar svona einstaklega vel viðrar. Kannski höfðu þjónustufulltrúarnir fengið eitt slíkt þennan dag og bara gleymst að lesa þær upplýsingar inn á símsvarann. „Þjónustufulltrúar okkar eru í sólarfríi, hringdu á morgun!"

**EKKERT** mál. Erindi mitt var ekki það brýnt að það gæti ekki beðið yfir nótt eða þar til það kólnaði í veðri. Ég hringdi því bara aftur í gær og valdi samviskusamlega þá hnappa sem símsvarinn bauð mér til að komast í samband við réttan aðila: „Veldu einn fyrir þjónustufulltrúa, tvo fyrir skiptiborð … Þjónustufulltrúar okkar aðstoða þig með ánægju eftir augnablik … Þú ert númer 7 í röðinni … Þú getur einnig lesið inn nafn þitt og síma og við hringjum í þig innan klukkutíma … …

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TÖLVUSKJÁIR

ASUS

## 27" FULL HD

**Asus VE276N**
Stór, flottur og þunnur 27" skjár með háskerpu upplausn. Meiri litadýpt með SPLENDID VIT hágæða litastýringu.

**42.990**













AOC

## 19" SKJÁR

**AOC N950SW**
Brjálað verð. Nettur og tekur lítið pláss. 5ms svartími og 60.000:1 skerpa. Með VGA tengi.

**16.990**

acer

## 21,5" FULL HD

**Acer V223HQBOB**
Stílhreinn skjár með FULL HD 1080P upplausn og svartri, mattri áferð. 5ms svartími og 50:000:1 skerpa.

**22.990**

AOC

## 23,6" FULL HD

**AOC 2436VWA**
Glæsilegur skjár með svartri glansáferð og snertitökkum. USB, VGA og DVI tengi.

**27.990**

vogel's

**MIKIÐ ÚRVAL AF BORÐ- OG VEGGFESTINGUM FYRIR TÖLVUSKJÁI AF ÖLLUM GERÐUM.**

tl.is

**STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS**




**OPIÐ 10-18**
ALLA VIRKA DAGA

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Europris
**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



3 metrar

Verð áður: 22.990

**15.990**

**TRAMPÓLÍN**
Öryggisnet, kr 11.990




Kauptu þrjá og fáðu þann fjórða í kaupbæti

**1290** pr stk

**GRÓÐURMOLD**
**50 LTR**




2 kg

**399**

**GRILLKOL**



**14.990**

**TUNNUGRILL**
H :92 cm, grillflötur: 76 x 40 cm
Tvær grillristar



frá **1899**

**VATNSBRÚSAR**
10 ltr, með krana, kr 1899
20 ltr, með krana, kr 2999



**2499**

**KÆLIBOX**
24 ltr
Kælihylki, 2x500 gr, kr 459
Kælihylki, 2x850 gr, kr 699




**13.990**

**RYKSUGA**
**SKIL 1160**
1000 W, 10 ltr tankur, með fylgihlutum




5 ltr

**1999**

**PALLAHREINSIR**




5 ltr

**3990**

**VIÐAROLÍA**
Glær




3 ltr

**3990**

**PALLAOLÍA**
Tekk

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA




5 pör saman

**599**

**SOKKAR**
St 41-45




**79**

**COCA COLA**
33 cl



frá **990**

**SÓLGLERAUGU**
Í úrvali



Verð áður: 49.999

**35.990**

**AL-KO SLÁTTUVÉL**
Comfort 46 Bio
Mótor: Briggs & Stratton 450 series
Úr stáli
148 cc, 65 ltr tankur, 23 kg



frá **3990**

**HEIMAGALLI**
Barna, 5/6-11/12, kr 3990
Fyrir fullorðna, XS-M, kr 5990



frá **5999**

**BLAUTBÚNINGAR**
Barna, 3-13 ára, kr 5999
Dömu, st 38-44, kr 7990
Herra, st S-XL, kr 7990



**14.990**

**HANDSLÁTTUVÉL SKIL**
Skurðarbreidd: 30 cm
Skurðarhæð: 12-44 mm
Með safnpoka



**3995**

**BARNASKÓR**
St 24-35




**2490** pr stk

**BORVÉLAR OG JUÐARAR FRÁ EFFEKT**
Juðari, 105 W
Plankaslípari, 135 W
Hleðsluborvél, 12 V
Höggborvél, 500 W



**3995**

**MOKKASÍUR**
St 41-46

# Olsen-systur kvenhönnuðir ársins

**Hin árlegu CDFA-verðlaun, Counsel of Fashion Designers of America, fóru fram í New York á mánudagskvöldið. Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen voru valdar kvenhönnuðir ársins fyrir fatamerkið sitt The Row og skutu mörgum þungavigtarmönnum í hönnunarbransanum ref fyrir rass. Tískuelítan var mætt á rauða dregilinn þar sem menn kepptust við að skarta sínu fínasta pússi. William Reid var valinn karlhönnuður ársins og leikarinn Johnny Depp var tískufyrirmynd ársins.**



**HÖNNUÐIR ÁRSINS** Mary-Kate og Ashley voru að vonum glaðar með sigurinn en þær klæddust báðar kjólum úr eigin smiðju í tilefni dagsins.

**FRÖKEN VOGUE** Listrænn stjórnandi hjá bandaríska Vogue, Grace Coddington, lét sig ekki vanta í svörtu frá toppi til táar fyrir utan íburðarmikla eyrnalokka.

**STUTTBUXUR** Tónlistarmaðurinn Pharrell Williams mætti í sumarútgáfu af jakkafötum með stóra slaufu og húfu.

**ÁHRIF FRÁ ASÍU** Dakota Fanning var klædd í hönnun teymisins á bak við merkið Proenza Schouler.

NORDICPHOTOS/GETTY


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROMETHEUS 3D | 4, 7, 10 |
| SNOW WHITE | 4, 7, 10 |
| MEN IN BLACK 3 3D | 8, 10.15 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 5 |

SMÁRABÍÓ midi.is HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| GRIMMD:SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 | 10 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE RAVEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 8 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL.TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 10 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALANDIBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| PROMETHEUS | KL. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR: SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ TYRANNOSAUR 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:10 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:00

13. JÚNÍ: **UNG** (Goodbye Young Love) eftir Mia Hansen-Löve!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



**KÆRKOMIN** Prometheus er áhugaverð mynd, sérstaklega ef bág staða vísindaskáldsakapar nútímans er tekin með í reikninginn.

# Frændinn loks mættur

Bíó ★★★☆☆

**Prometheus**
Leikstjórn: Ridley Scott

**Leikarar:** Noomi Rapace, Michael Fassbender, Charlize Theron, Guy Pearce, Idris Elba, Logan Marshall-Green

Árið 1979 sló breski leikstjórinn Ridley Scott í gegn með Alien, óhuggulegri kvikmynd þar sem sýruslefandi ófreskja gekk berserksgang um borð í geimskipi, en myndin var undanfari stórrar bylgju misgóðra framhaldsmynda sem enn sér ekki fyrir endann á. Á þessum rúmlega 30 árum sem liðið hafa frá frumsýningu myndarinnar hefur skepnan fjölgað sér, laumað erfðaefni sínu í menn, lært að synda og barist við Predator í tvígang. Og nú fáum við Prometheus – mynd sem varpar ljósi á uppruna skrímslanna og hvernig þau komust fyrst í kynni við jarðarbúa.

Væntingarnar hafa verið gífurlegar og það var löngu vitað að myndin myndi valda vonbrigðum ef reynt væri um of að bera hana saman við hina upprunalegu Alien. Sjálfur hefur Scott verið ragur við að nota orðið „prequel“, og er það nokkuð skiljanlegt því þrátt fyrir að tengjast seríunni á ýmsan máta reynir Prometheus að vera sjálfstæð og skapa sína eigin stemningu. Þar tekst leikstjóranum best til og myndmálið er virkilega sterkt. Stílhrein myndatakan dregur fram það besta bæði í íburðarmikilli sviðsmynd geimskipsins Prometheus og landslagi plánetunnar LV-223.

En minna hefur verið lagt í handritið og er það persónusköpunin sem er hlunnfarin hvað mest. Nærri helmingur áhafnar skipsins er óeftirminnilegt fallbyssufóður og framan af er mjög óljóst hver aðalpersónan er. Í Alien virkaði það fullkomlega en hér er það til vansa og grunar mig að það skrifist á fljótfærni skríbentanna. Í þessum öfluga leikhópi er það aðeins Michael Fassbender sem fær virkilega að njóta sín, en það er kaldhæðnislegt að hugsa til þess að safaríkasta persónan sé gervimaðurinn í hópnum.

Prometheus er þrátt fyrir þetta áhugaverð og kærkomin, sérstaklega ef bág staða vísindaskáldskapar nútímans er tekin með í reikninginn. Það er þó ekki sjálfgefið að ástríðufyllstu aðdáendur Alien-seríunnar taki þessum náskylda frænda opnum örmum, þó hans hafi verið beðið í ofvæni.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Umgjörðin er glæsileg og andrúmsloftið þrælmagnað. Þess vegna á Prometheus skilið svo miklu vandaðra handrit.






# Ertu hugmyndasmiður?

**Boðað er til upplýsinga- og hugflæðisfundar um gamla Kópavogsbæinn, Hressingarhælið og Kópavogstúnið.**

Á fundinum mun starfshópur á vegum Kópavogsbæjar kalla eftir hugmyndum bæjarbúa um mögulegt hlutverk þessara gömlu bygginga sem og Kópavogstúns, hugmynda sem eru til þess fallnar að vekja áhuga á byggingunum og svæðinu umhverfis þær. Má þar nefna starfsemi er tengist ferðamennsku, menningu, sögu, náttúruskoðun, afþreyingu og útivist.

**Fundurinn verður haldinn í bæjarstjórnarsalnum í Fannborg 2 fimmtudaginn 7. júní 2012 kl. 17:00.**

**Kópavogsbær**

POTTURINN STEFNIR Í
100.000.000
+450.000.000

550 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 550.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 450 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 6. JÚNÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

FITON / SÍA

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLAND** er ein níu þjóða sem hafa lýst yfir áhuga á að halda EM kvenna í handbolta í desember á þessu ári. Holland hætti óvænt við að halda mótið og verður tilkynnt á næstu tveim vikum hvar það verður. Ísland komst ekki á mótið en ef mótið fer fram á Íslandi fær Ísland væntanlega sjálfkrafa þátttökurétt.

Íslenska U-21 árs landsliðið enn í neðsta sæti síns riðils eftir enn eitt tapið:

## Fimmta tap íslenska liðsins í sex leikjum

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið er langneðst í sínum riðli í undankeppni EM eftir 1-2 tap gegn Aserbaídsjan á KR-velli í gær. Þetta var annað tap liðsins fyrir Aserum í riðlinum.

Ísland hefur nú tapað fimm leikjum í riðlinum en aðeins unnið einn. Það var gegn Belgum í fyrra.

Leikurinn byrjaði vel fyrir íslenska liðið því Björn Bergmann skallaði inn sendingu Kristins Steindórssonar á 19. mínútu. Björn Bergmann átti virkilega flottan leik og var bestur í íslenska liðinu.



**TAKA BOLTANN** Björn Bergmann og Aron Jóhannsson á ferðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stuttu síðar varði Skagamaðurinn Árni Snær Ólafsson víti frá Aserum og allt í lukkunnar velstandi er blásið var til leikhlés.

Fjórtán mínútum fyrir leikslok dundi ógæfan aftur á móti yfir. Araz Abdullayev jafnaði metin fyrir gestina. Í uppbótartíma skoraði svo Javid Imamverdi sigurmarkið eftir slæm mistök Harðar Björgvins Magnússonar.

Enn eitt tapið staðreynd og ljóst að himinn og haf er á milli þessa U-21 árs liðs og þess sem fór á EM.

**- hbg**

ÞÓR HF

Krókhálsi 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 461-1070

www.thor.is

Alvöru áhöld og tæki
í garðinn og sumarbústaðinn
... færðu hjá okkur






**GEFST EKKI UPP** Helga fær eitt eða tvö tækifæri í viðbót til þess að komast á Ólympíuleikana og hún ætlar að nýta þau tækifæri vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skyndiákvörðun að koma heim

### Helga Margrét er komin heim frá Svíþjóð. Þó svo tíminn sé naumur ætlar hún að komast á ÓL.

**FRJÁLSAR** „Maður verður bara að horfast í augun við raunveruleikann. Þegar eitthvað gengur ekki upp þá þarf maður að breyta," segir frjálsíþróttakonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni en hún hefur slitið samstarfi sínu við sænska þjálfarann Agne Bergvall. Helga er flutt til Íslands á ný.

„Árangurinn og tölurnar hjá mér töluðu sínu máli. Ég bætti mig á einhverjum sviðum en alls ekki eins og vonir stóðu til. Ég var ekki að finna mig í æfingunum. Ég náði ekki að nýta þá eiginleika sem ég hef," sagði Helga en hún mun æfa undir stjórn Guðmundar Hólm Jónssonar.

„Þetta var mikill og góður skóli í Svíþjóð sem ég hefði ekki viljað sleppa. Það eru forréttindi að hafa fengið tækifæri til þess að æfa með íþróttafólki á borð við Carolinu Klüft.

Þetta átti ekki langan aðdraganda. Meiðsli hjá mér hafa einnig haft mikil áhrif. Í vetur hafði ég hugsað mér að koma til Íslands og fá ráðleggingar hjá gamla þjálfaranum mínum. Hann er sá þjálfari sem mér hefur gengið best hjá. Ég veit hvað í mér býr en núna þarf ég að finna leið til þess að ná því allra besta fram."

Helga segir að hún hafi ekki hugsað mikið um fara til Íslands á ný.

„Þetta var í raun skyndiákvörðun hjá mér að fara heim til Íslands. Ég vildi grípa tækifærið og reyna að ná Ólympíulágmarkinu á meðan það er enn möguleiki. Ég tel mig vera að gera það besta úr stöðunni úr því sem er komið. Ég hafði ekki lengur trú á því sem ég var að gera á æfingunum í Svíþjóð."

Ólympíuleikarnir í London hefjast í lok júlí og Helga Margrét þarf að bæta Íslandsmet sitt um 72 stig til þess að öðlast keppnisrétt á leikunum.

„Ég hef tíma fram til 7. júlí að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana. Á þeim tíma næ ég að keppa á einu til tveimur mótum," sagði Helga.

„Ég er búin að fara í heilan hring og prófa ýmislegt. Í dag er ég komin aftur í „ræturnar" og mér fannst mjög gaman að fara á æfingu á Selfossvelli í vikunni, sofa á sveitabæ utan við bæinn. Finna sveitalyktina, fara í ísbaðið í læk við bæinn, og heyra fuglasönginn. Ég þrífst best hér – á Íslandi."

**seth@frettabladid.is**

PIPAR\TBWA • SÍA




ÍÞRÓTTAAKADEMÍA

Íþróttaakademía Keilis býður upp á krefjandi, skemmtilegt og metnaðarfullt nám í ÍAK einkaþjálfun og ÍAK íþróttaþjálfun. Í undirbúningi er að bjóða upp á nám í ÍAK hópþjálfun. Miklir atvinnumöguleikar eru fyrir ÍAK þjálfara og samkvæmt könnunum eru þeir eftirsóttir þjálfarar.

Nám í ÍAK þjálfun miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa.

NÁMSFRAMBOÐ
// ÍAK EINKAÞJÁLFUN
// ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN
// ÍAK HÓPÞJÁLFUN

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐ

**Flensborgarskólinn auglýsir eftir stuðningsfulltrúa á starfsbraut**

Mikilvægt er að umsækjandi hafi til að bera góða samskiptahæfni og áhuga á vinnu með ungu fólki.
Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 17. ágúst 2012.
Nánari upplýsingar og móttaka umsóknar er á Starfatorgi (www.starfatorg.is) .
**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2012.**

**Nánari upplýsingar veita**
Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari s: 565 0400 / ebs@flensborg.is
Hrafnhildur Jósefsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar s:565 0400 / hrafnhildur@flensborg.is

# Ég er alls ekki markagráðugur

**Atli Guðnason fór á kostum í 8-0 sigri FH á Fylki um helgina. Atli er leikmaður 6. umferðar hjá Fréttablaðinu. Liðin mætast aftur á föstudaginn.**

**FÓTBOLTI** „Það er ekki oft sem maður vinnur svona stórt í efstu deild. Ég hef aldrei lent í þessu áður. Þetta er sérstakt,“ segir Atli um stórsigurinn sem vakti mikla athygli.

„Það gekk allt upp sóknarlega hjá okkur. Við spiluðum mjög vel úti á vellinum, sköpuðum okkur færi sem við nýttum vel. Á svoleiðis dögum skorum við mörg mörk,“ segir Atli sem segir ljóst að Fylkisliðið hafi ekki átt sinn besta dag.

Árni Freyr, yngri en um leið töluvert hávaxnari bróðir Atla, var í Fylkisliðinu. Atli sagði ekkert annað í stöðunni fyrir hann og Fylkismenn en að setja hausinn upp í loft og halda áfram.

„Hann tók þessu eins og maður og skutlaði mér meira að segja heim eftir leikinn,“ segir Atli og bætir við að þeim bræðrum sé vel til vina og að engin vandræðaleg þögn hafi verið í bílnum á leiðinni heim.

„Við erum góðir vinir og höfðum spjallað saman hvort sem þeir hefðu unnið eða við,“ segir Atli.

Þótt Atli hafi verið iðinn við kolann í markaskorun undanfarin ár hefur hann ekki gert minna af því að leggja upp mörk fyrir félagana.

„Það er engin markagræðgi í mér. Ég er bara liðsmaður og nokkuð góður sem slíkur. Ef það er einhver í betra færi gef ég boltann.“

FH og Fylkir mætast aftur á föstudagskvöld, þá í 32-liða úrslitum bikarsins í Kaplakrika. Atli reiknar ekki með því að leikmenn FH mæti með hangandi hendi í þann leik þrátt fyrir upprúllunina.

„Miðað við alla reynsluna í liðinu þætti mér það ólíklegt. Þótt leikurinn hafi unnist 8-0 fengum við bara þrjú stig,“ segir Atli og bendir á að það þýði ekki að fagna einum sigri of mikið.

Atli starfar sem stærðfræðikennari í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Hann segir nemendur sína stundum skjóta á sig ef illa gengur í boltanum en hann taki því, líkt og hrósi þegar vel gengur, með stóískri ró.

„Við töpuðum 4-0 gegn Stjörnunni í fyrra og þá fékk maður aðeins að heyra það.“

**kolbeinntumi@365.is**



**Í FANTAFORMI** Atli skoraði eitt og lagði upp tvö í heimaleiknum gegn Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Lið umferðarinnar**

| | |
|---|---|
| Ingvar Þór Kale | Breiðablik |
| Brynjar Kristmundsson | Valur |
| Rhys Weston | KR |
| Matarr Jobe | Valur |
| Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| Alexander Magnússon | Grindavík |
| Björn Daníel Sverrisson | FH |
| Óskar Örn Hauksson | KR |
| Atli Guðnason | FH |
| Kolbeinn Kárason | Valur |
| Tryggvi Guðmundsson | ÍBV |







# Vélstjórar fiskiskipum!

**VM** boða til fundar með vélstjórum á fiskiskipum **fimmtudaginn 7. júní kl. 17:00** í VM húsinu Stórhöfða 25.



**Dagskrá fundarins:**

**1.** Aðgerðir LÍÚ

**2.** Staðan í kjaramálum

**3.** Önnur mál.

**Boðið er upp á fjarfund.**

*Upplýsingar veitir halldor.arnar@vm.is*

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is

*- okkur er annt um þinn hag*



# Rannsóknaþing 2012
## Mikilvægi alþjóðasamstarfs




**Dagskrá**

**8:30 Setning Rannsóknaþings 2012**

**8:40 Tækifæri í alþjóðlegu samstarfi**
Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar og stjórnarformaður Nordforsk

**9:00 Rannsóknaáætlanir ESB: Áhrif á Íslandi og leiðir til bættrar sóknar**
Þórunn Rafnar, deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu

**9:15 Þátttaka Íslendinga í 6. og 7. rannsóknaáætlun ESB**
Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

**9:30 Þeir fiska sem róa**
Hörður G. Kristinsson, rannsóknastjóri Matís

**9:40 Notum tækifærin, aukum sókn í erlenda sjóði**
Ingileif Jónsdóttir prófessor, Háskóla Íslands, Landspítala og Íslenskri erfðagreiningu

**9:50 Öflugt alþjóðasamstarf í jarðvísindum – þarf meira til en Ísland?**
Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur, Háskóla Íslands

**10:00 Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs**
Freysteinn Sigmundsson gerir grein fyrir starfi dómnefndar
**Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs afhendir Hvatningarverðlaunin 2012**

**Morgunverður í boði frá kl. 8:15**

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## > Stöð 2 kl. 20.10

### Stóra þjóðin

*Annar þátturinn í heimildarþáttaröð Ingu Lindar Karlsdóttur þar sem hún varpar ljósi á það vaxandi vandamál sem offita er á Íslandi. Þátturinn í kvöld er helgaður of feitum börnum sem eru 2.500 talsins á Íslandi. Farið er yfir þann mun sem komið hefur í ljós að er á milli hverfa í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögunum og hann settur í samhengi við mismunandi efnahag foreldra eftir búsetu. Skoðað er hvað yfirvöld hafa gert, og ekki gert, í málinu og sögð saga 17 ára drengs sem var 120 kg fyrir tveimur árum. Að lokum skoðum við mötuneyti grunnskólanna og förum með máltíðir þaðan í efnagreiningu.*

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON TEKUR GLEÐI SÍNA Á NÝ

# Velkominn aftur, Kenny Powers

Ég hef áður skrifað um þættina Eastbound and Down í þennan dálk. Held ég. Ég hef allavega áður skrifað um Eastbound and Down. Það var um það leyti sem fyrsta þáttaröð var sýnd á Stöð 2. Ég bjóst ekkert endilega við að önnur þáttaröð myndi rata í íslenskt sjónvarp. Fjandinn, ég bjóst ekki einu sinni við því að önnur þáttaröð yrði framleidd.

En í gær sneri Kenny Powers aftur og ég tók gleði mína á ný. Kallinn hefur aldrei litið betur út, enda skartaði hann föstum fléttum sem náðu niður í neðstu enda múlletsins.

Kenny Powers er einn aumkunarverðasti karakter sem ég hef séð í sjónvarpi. Hann er eins og Hómer Simpson á kókaíni og sterum. En það er auðvelt að halda með fíflinu þar sem snilldin sem veltur upp úr honum á sér engan líka. Trú hans á sjálfum sér hrífur mann með í rússíbanareiðina sem þættirnir eru og sleppir ekki takinu fyrr en þættirnir enda.



Ég vil því, fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, bjóða Kenny Powers velkominn í íslenskt sjónvarp á ný. Ég saknaði þín.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Formannavísur og sjómannalög **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Okkar á milli **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.30 EM stofa** (5:5) (e)
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Bræður og systur** (107:109) (Brothers and Sisters)
**20.40 Lónbúinn** Ljóðræn náttúrulífsmynd - kraftaverkasaga um lífsferil laxins. Myndina gerðu Þorkell S. Harðarson og Örn Marinó Arnarson og framleiðandi er Markell.
**21.25 Frú Brown** (4:7) (Mrs. Brown's Boys) Bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Tyson** (Tyson) Bandarísk heimildamynd um hnefaleikakappann Mike Tyson sem frægur varð fyrir að bíta eyrað af andstæðingi sínum og hefur lent í útistöðum við lögin.
**23.50 Hringiða** (1:8) (e) (Engrenages II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Landinn** (e)
**01.10 Kastljós** (e)
**01.25 Fréttir**
**01.35 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Sorcerer's Apprentice**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Unstable Fables. 3 Pigs & a Baby**
**14.00 The Sorcerer's Apprentice**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Unstable Fables. 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Quantum of Solace**
**22.00 Swordfish**
**00.00 Fired Up**
**02.00 The Contract**
**04.00 Swordfish**
**06.00 It's Complicated**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (70:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (7:13)
**11.25 Til Death** (14:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (1:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (10:24)
**13.25 Ghost Whisperer** (21:22)
**14.15 The Glee Project** (1:11)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (21:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (10:22)
**19.45 Arrested Development** (16:22)
**20.10 Stóra þjóðin** (2:4) Vandaðir heimildarþættir með Ingu Lind Karlsdóttur sem fjallar um offitu á Íslandi og fer ofan í saumana á þessu vaxandi vandamáli.
**20.40 New Girl** (17:24)
**21.05 2 Broke Girls** (5:24) N
**21.30 Drop Dead Diva** (1:13) Gamanþættir um unga og huggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í lögfræðingnum Jane Bingum.
**22.20 Gossip Girl** (17:24)
**23.05 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (1:7) Vandaðir og skemmtilegir þættir byggðir á samnefndum metsölubókum eftir Alexander McCall Smith. Þættirnir fjalla um Precious Ramotswe sem starfar þar sem einkaspæjari og fær inn á borð til sín hin ótrúlegustu mál.
**00.50 The Closer** (4:21)
**01.35 NCIS: Los Angeles** (22:24)
**02.20 Rescue Me** (15:22)
**03.05 Fringe** (9:22)
**03.25 Fringe** (10:22)
**04.10 The Good Guys** (6:20)
**04.55 Chase** (8:18)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT besta sætið

**07.00 NBA: Miami - Boston**
**18.15 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina.
**18.45 Pepsi deild kvenna: KR - Valur**
**20.35 NBA: Miami - Boston**
**22.25 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Chelsea** Útsending frá úrslitaleiknum
**01.00 NBA - Oklahoma - San Antonio** BEINT

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**18.00 WBA - Swansea**
**19.45 Chelsea - Wigan 09.05.10**
**20.15 Wolves - Man.United**
**22.00 Newcastle - Tottenham**
**23.45 England & Sweden (Group D)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.

## 2 EXTRA

**18.45 The Doctors** (129:175)
**19.25 American Dad** (5:18)
**19.50 The Cleveland Show** (3:21)
**20.15 Masterchef USA** (2:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Two and a Half Men** (15:24)
**22.15 The Big Bang Theory** (6:24)
**22.40 How I Met Your Mother** (9:24)
**23.05 White Collar** (14:16)
**23.50 Girls** (1:10)
**00.25 Eastbound and Down** (1:7)
**00.55 The Daily Show: Global Editio**
**01.20 American Dad** (5:18)
**01.45 The Cleveland Show** (3:21)
**02.10 The Doctors** (129:175)
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Real Housewives of Orange County** (5:17) (e)
**17.00 Solsidan** (7:10) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Mobbed** (4:11) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** e)
**19.20 According to Jim** (12:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (21:25) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (13:14) Það er komið að sjöttu seríunni af Britain's Next Top Model. Nú mætir glæný dómnefnd til leiks með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi. Fjórtán stúlkur taka þátt að þessu sinni og er von á afar spennandi þáttaröð þar sem ferðinni er meðal annars heitið til Noregs, Spánar og Malasíu.
**20.55 The Firm** (15:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Mitch og Ray taka hættulegar ákvarðanir til að fletta ofan af stórbrotnu trygginga samsæri.
**21.45 Law & Order: Criminal Intent** (1:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York. Dularfullt athæfi í fjarlægu landi hefur djúpstæð áhrif í Bandaríkjunum. Við sögu koma milljónamæringur með spennufíkn og Alríkislögreglan og því nóg að gera hjá lögreglunni.
**22.30 Jimmy Kimmel** (e)
**23.15 Hawaii Five-0** (18:23) (e)
**00.05 Royal Pains** (5:18) (e)
**00.50 The Firm** (15:22) (e)
**01.40 Lost Girl** (5:13) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Memorial Tournament 2012 (3:4) **11.40** Golfing World **12.30** The Memorial Tournament 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (22:45) **19.20** LPGA Highlights (10:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (9:25) **21.35** Inside the PGA Tour (23:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (21:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**07.30** My Family **08.00** The Inspector Lynley Mysteries **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** My Family **14.35** The Best of Top Gear **15.25** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It **23.09** The Best of Top Gear

## DR 1

**10.10** Kontant **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.55** SportNyt **20.05** Bonderøven **20.35** Kidnappet **21.15** Pacific Paradise Police

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Herskapelig redningsaksjon **18.30** Bær, Bolt og Bislett **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden: London **20.25** Lovesikh **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Borgen **23.05** Barn for enhver pris **00.00** Lov og orden. London

## svt1

**07.00** Rapport **07.05** Två hungriga italienare **08.05** Sidenvägen på 30 dagar **08.50** Minnenas television **10.05** Rapport **10.10** Semester, semester, semester **10.30** Sunes sommar **12.00** Golf **14.00** Rapport **14.05** Golf **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Bil- och båttokig **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Nationaldagen 2012 **19.00** Allt flyter **20.40** Rapport **20.45** Golf **21.30** Malmöpolisen **22.30** Dox **23.50** Rapport **23.55** Två hungriga italienare

## iNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðisumarið

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





# HLAUPTU! HLAUPTU!

## TILBOÐSDAGAR Í FLEXOR 6.–8. JÚNÍ

PIPAR\TBWA • SÍA • 121720

**30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

- ASICS hlaupaskór
- NIKE hlaupaskór
- LYTOS gönguskór
- EAS fæðubótarefni
- Hlífar frá DEROYAL og REHBAND
- Skór á alla fjölskylduna

**OPIÐ Í DAG 6. JÚNÍ TIL KL. 19.00**

**GÖNGUGREINING 1.000 kr.**
Á TILBOÐSDÖGUM
FULLT VERÐ 3.990 KR.
PANTAÐU TÍMA Í SÍMA 517 3900

**FRÍTT Í HLAUPASKOÐUN**

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK

OPIÐ FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG
**9.00–17.30**

ORKUHÚSINU
Suðurlandsbraut 34 / 108 Reykjavík / S. 517 3900 / www.flexor.is

FLEXOR
NÆSTA SKREF

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Hamborgarar eru bestir á grillið. Ég borða svo sjaldan hamborgara en get ekki staðist þá grillaða og úr alvöru kjöti. Svo er grillaður kúrbítur líka í uppáhaldi, penslaður með ólífuolíu og sjávarsalti.“*

Ebba Guðný Guðmundsdóttir, rithöfundur og matarráðgjafi

# Samleikurinn leikhús-Viagra

„Það er heiður að leika á móti svona reyndum leikara,“ segir Melkorka Óskarsdóttir. Hún hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn í leikritinu Beast í London, sem frumsýnt var á miðvikudaginn var.

Melkorka útskrifaðist fyrir fjórum árum með BA-gráðu í leiklist frá London Academy of Music and Dramatic Art og er þetta með fyrstu verkefnum hennar á þarlendu leiksviði.

„Ég hef leikið í auglýsingum og tekið að mér smærri hlutverk í bíómyndum og þáttum. Eftir útskrift hef ég lítið leikið á Íslandi en meðal annars í stuttmynd Marteins Þórissonar, leikstjóra Roklands.“

Gagnrýnendur hafa farið fögrum orðum um sýninguna og fékk hún fimm stjörnu dóm á vefsíðu The Public Reviews. Þar er Melkorka sögð sýna mikinn þroska og dýpt í leik miðað við aldur ásamt því að vera skemmtileg áhorfs.

Mótleikari hennar er Kieron Jecchinis. Hann á að baki langan feril í breskum leikhúsheimi.

„Síðast fór hann með hlutverk í leikritinu Bingo á móti hinum þekkta Patrick Stewart í heimsfræga leikhúsinu Old Vic.“ Jecchinis hefur einnig leikið í kvikmyndum og er eflaust þekktastur fyrir leik sinn í Full Metal Jacket eftir Stanley Kubrick.

Leikritið fjallar um ástarsamband eldri listamanns við vændiskonu. Samleikur þeirra er í áðurnefndum dómi sagður vera nálægt því að endurvekja fræg ummæli Charles Spencer, gagnrýnanda Telegraph, um algjört leikhús-Viagra.

„Á köflum er verkið mjög sorglegt og við höfum grætt marga, sem er mjög gaman.“

Ungi leikhópurinn UNTitled Theatre stendur að baki uppsetningunni sem verður sýnd til 17. júní.

Einnig koma þau fram á hátíð tengdri Ólympíuleikunum í júlí. **-hþt**



**FIMM STJÖRNUR** Melkorka fær mikið lof fyrir leik sinn á breskum leikhúsfjölum.


FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð: frá 4.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Allt að 60%

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: frá 1.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr
Allt að 75%

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.
Allt að 40%

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.
Allt að 55%

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17




**NÝ HEIMILDARMYND**

Fjallað verður um Of Monsters and Men og fleiri flytjendur í nýrri heimildarmynd sem Anton Ingi Sigurðsson leikstýrir. Rúnar Júlíusson kemur að sjálfsögðu einnig við sögu í myndinni.

ANTON INGI SIGURÐSSON: ÞETTA ER FREKAR STÓRT VERKEFNI

# Gera heimildarmynd um tónlistarsögu Suðurnesja

Heimildarmynd um tónlistarsögu Suðurnesja er í undirbúningi. Tökur hefjast á tónlistarhátíðinni Keflavík Music Festival á fimmtudaginn.

„Þegar ég frétti að það ætti að halda þessa hátíð ákvað ég að gera þetta. Ég var nýbúinn að gera stuttmynd sem gekk vel og mér fannst eins og það væri hægt að gera eitthvað „kúl“ úr þessu,“ segir leikstjórinn Anton Ingi Sigurðsson. Stuttmyndin heitir Grafir og bein og voru Hilmir Snær Guðnason og Margrét Vilhjálmsdóttir í aðalhlutverkum. Að sögn Antons Inga verður heimildarmyndin í fullri lengd.

„Þetta er frekar stórt verkefni, enda um tónlistarsögu Suðurnesja. Það er úr hellingi að velja þar.“ Bítlabærinn Keflavík verður áberandi í myndinni og verður þar fjallað um goðsagnir á borð við Rúnar Júlíusson og Magnús Kjartansson. Einnig koma við sögu hljómsveitirnar Of Monsters and Men, sem kemur að hluta til úr Garði, og Klassart úr Sandgerði.

Á Keflavík Music Festival verður svo fylgt eftir flytjendum á borð við Retro Stefson, Lay Low og Sykur. Með Antoni Inga koma að myndinni framleiðendurnir Erlingur Jack Guðmundsson, Garðar Örn Arnarson og þeir Ólafur Geir Jónsson og Pálmi Þór Erlingsson sem skipuleggja Keflavík Music Festival. Til stendur að frumsýna myndina á Ljósanótt í Reykjanesbæ í haust og sýna hana víðar í framhaldinu. Útgáfa á mynddiski er einnig fyrirhuguð.

Keflavík Music Festival verður haldin í fyrsta sinn 7. til 10. júní. Hátíðin fer fram á helstu skemmtistöðum Reykjanesbæjar og hefst hún á tónleikum á Ránni með hljómsveitunum Valdimar og Klassart. Um eitt hundrað flytjendur koma fram á hátíðinni.

**freyr@frettabladid.is**

# Þýska landsliðstreyjan vinsæl

„Þetta er að aukast. Það er kominn fiðringur í menn fyrir helgina,“ segir Sigurður Garðarsson hjá Jóa útherja.

Sala á landsliðstreyjum hefur verið að aukast að undanförnu í tengslum við EM í fótbolta sem hefst í Póllandi og Úkraínu á föstudaginn. Aðspurður segir Sigurður að alls konar búningar hafi verið að seljast í versluninni. „Þýski er alltaf vinsæll og svo eru flottir búningar eins og Holland og Frakkland. Sumir kaupa útlitið en aðrir kaupa liðið sitt.“ Hann býst einnig við því að spænska treyjan eigi eftir að taka kipp, þó svo að sú þýska hafi enn yfirhöndina.

Þeir hörðustu láta merkja treyjuna sína og að sögn Sigurðar hefur Þjóðverjinn Mesut Özil sem leikur með Real Madrid verið hvað heitastur. Margir hafa einnig smellt Ronaldo á portúgölsku treyjuna sína.

Íslenska landsliðið tekur ekki þátt í EM frekar en fyrri daginn en íslensku landsliðstreyjurnar seljast samt reglulega. „Hún er keypt bæði af Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Það er skemmtilegt að eiga svona þekkta knattspyrnumenn eins og Kolbein Sigþórsson og Gylfa Sigurðsson. Þeir eru að virka vel.“ **-fb**



**ÞJÓÐVERJAR VINSÆLIR** Þýska landsliðstreyjan hefur verið vinsæl, að sögn Sigurðar Garðarssonar hjá Jóa útherja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Jói útherji
www.joiutherji.is
EM takkaskórnir frá
NIKE
Tiempo Legend
St. 39 – 44 kr. 29.990.-
Tiempo Mystic
Stærð 39 – 45 kr. 15.990.-
Tiempo Natural
Stærð 39 – 44 kr. 10.990.-
Stærð 32 – 38,5 kr. 8.990.-
Mercurial Vapor
St. 40 – 45 kr. 29.990.-
Mercurial Victory
Stærð 39 – 44 kr. 14,990.-
Stærð 32 – 38,5 kr. 9.990.-
CTR Libretto
Stærð 39 – 44 kr. 12.990.-
Stærð 32 – 38,5 kr. 9.990.-
T90 Strike
St. 40 – 45 kr. 17.990.-
T90 Shoot
Stærð 39 – 44 kr. 10.990.-
Stærð 32 – 38,5 kr. 9.990.-
Nike Victory
Takmarkað magn
Kr. 7.990.-
Nike Shoot
Takmarkað magn
Kr. 7.990.-
Adidas Goletto
Takmarkað magn
Kr. 5.990.-
Adidas 11nova
Takmarkað magn
Kr. 9.990.-
Settu “like” á það ;-)
Jói útherji
Ármúla 36 - 108 Reykjavík s. 588 1560 Facebook.com/joiutherji

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ástin blómstrar í LA

Leikfélag Akureyrar hefur ráðið til sín fjóra unga og efnilega leikara fyrir komandi leikár. Um er að ræða tvö leikarapör; annars vegar þau **Önnu Gunndísi Guðmundsdóttur,** sem leikur meðal annars kvenhlutverkið í vísindatryllinum Frosti, og kærasta hennar, Einar Aðalsteinsson, sem hefur síðustu misseri starfað með LA og leikstýrt Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri. Svo eru það þau **Aðalbjörg Árnadóttir,** sem er í listahópnum Sextán elskendum og hefur stigið á fjalir á flestum sviðum landsins, og Hannes Óli Ágústsson, sem einnig hefur komið víða við í kvikmyndum og á leiksviði. Hannes er þó kannski hvað þekktastur fyrir ógleymanlega túlkun sína á formanni Framsóknarflokksins.



### Greta með master

Eurovisionfarinn okkar **Greta Salóme Stefánsdóttir** er að útskrifast með master í tónlist frá Listaháskólanum í þessari viku. Hún gerði sér lítið fyrir og fékk níu í einkunn af tíu mögulegum fyrir ritgerðina sína sem hún skilaði inn örfáum dögum áður en hún hélt til Bakú og varði svo viku eftir að hún kom heim aftur. Greta er ekki lögst í dvala þrátt fyrir annasama mánuði að undanförnu, því hún hefur nú hellt sér af fullum krafti í gerð plötu sinnar sem er væntanleg með haustinu. **- trs**



## Mest lesið vísir


1. Árásin á Hlemmi einstakt mál
2. Árásin á Hlemmi átti sér aðdraganda
3. Guðmundur í Brimi þaggaði niður í þingmanni
4. Einstakur stjarnfræðilegur atburður - Ísland á fremsta...
5. Dularfullt geimfar lendir eftir ár á braut um jörðu






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




JAN MARIA ***S

155.958,-

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi með 1/2 fæði.
Verð m.v. 2 fullorðna 172.750,-
Brottför 2. febrúar - 1 vika

AL SOLE HOTEL ***S

135.545,-

*á mann m.v. 4 fullorðna saman í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð 191.090,-
Brottför 2. febrúar - 1 vika

VAL DI FASSA

Við hjá Úrvali Útsýn höfum áratuga reynslu af sölu skíðaferða til Madonna Di Campiglio og Selva val Gardena. Nú bætist við þriðji áfangastaðurinn, Canazei. Þessi líflegi og skemmtilegi skíðabær liggur í hjarta Dolomiti-fjallanna, einu þekktasta skíðasvæði Ítalíu.

ÚRVAL-ÚTSÝN